

Afrika
Fjórðungur tekna til spillis



Upplýsingatæknifyrirtæki
Sambjöppun og aukin samkeppni



Krónumbréf
Komin til að vera



6

12-13

22

Skuggahverfi dýrast

Skuggahverfið er dýrasta hverfi landsins að mati fasteignasala. Eðlilegt verð á svæðinu er á bilinu 350-400 þúsund fermetrinn og höfðar hverfið til efnaðra Íslendinga. Oft er „slegist“ um íbúðir á svæðinu.

„Það er óhætt að tala um Skuggahverfið sem dýrasta reitinn á landinu. Þar fór stórglæsileg, fullbúin íbúð á efstu hæð á vel yfir fimm hundruð þúsund á fermetrann. Það er það sama og á bestu stöðum á Manhattan,“ segir Ingólfur Gissurarson, fasteignasali á Valhöll. Ólafur Blöndal, fasteignasali á fasteign.is, segir að 140 fermetra 3-4 herberja íbúð á svæðinu geti farið á 60 milljónir króna. Nægur kaupendamarkaður er fyrir hendi að þessum íbúðum að hans sögn.

Fasteignasalar merkja að fasteignamarkaður sé að færast í eðlilegt horf þar sem framboð hafi tekið við af eftirspurn. Þeir búast ekki við miklum verðhækkunum á þessu ári.

- eþa sjá nánar fylgiblað um fasteignir

Margfalt fleiri slys

Fjöldi slysa í byggingariðnaði margfaldaðist hér á árunum 1991 til 2001, en aukningin nam 141 prósent. Á sama tíma fækkaði slysum um 71 prósent í Svíþjóð og um 20 prósent í Danmörku. Slysum í byggingariðnaði í Noregi og Finnlandi fjölgaði hins vegar um 17 og 18 prósent.

Einar Guðmundsson forvarnarfulltrúi Sjóvárs lýsir áhyggjum yfir þessari þróun og segir að því miður sé öryggi á mörgum byggingastöðum mjög ábótavant hér á landi, ástandið hafi þó heldur batnað síðustu ár. Hann segir að í norrænni skýrslu um málið komi fram að allt að þriðjung slysa megi rekja til tímappressu og samskiptaleyfis milli verktafa á sama vinnustað. Sjá síðu 17

FRÉTTIR VIKUNNAR

Í Hring | Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur fest kaup á 80 prósentum hlutafjár í Hring ehf. sem á allt hlutafé í Allianz Ísland ehf.

Ný greining | KB banki sendi nýja greiningu á verðmæti Landsbankans til viðskiptavina sinna þar sem mælt var með kaupum í bankanum.

Ofar spám | Hagnaður Alfesca var 1130 milljónir króna á síðasta ársfjórðungi ársins 2005 sem var betra en allar greiningardeildir gerðu ráð fyrir.



Hafliði Helgason
skrifar

Segir bankann ekki lepp í einkavæðingu

Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhäuser, vísar á bug ásökunum um að bankinn hafi ekki verið raunverulegur kaupandi við einkavæðingu Búnaðarbankans.

Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhäuser, þýska einkabankans, sem tók þátt í kaupum S-hópsins á Búnaðarbankanum, segir bankann hafa sjálfan keypt í Eglu sem eignaðist ríflega 70 prósent í hlut ríkisins í bankanum. „Við keyptum í bankanum vegna þess að við höfðum áhuga á að taka þátt í einkavæðingu hans. Ég tel að ég hafi talað skýrt um það að við ætluðum okkur ekki að eiga í bankanum til langs tíma.“ Gatti vísar algerlega á bug ásökunum um að bankinn hafi verið leppur í þessum viðskiptum, eins og haldið hefur verið fram í umræðu hér á landi. „Við stóðum við okkar hlut og seldum hlut okkar á tveimur til tveimur og hálfu ári.“

Gatti segir að bankinn hafi auðvitað haft áhuga á að hagnast á þessum viðskiptum og talið sig vera að taka vel ásættanlega áhættu. Hann segir umfang fjárfestingarinnar ekki hafa verið af þeirri stærðargráðu að áhættan væri of mikil. „Við þurftum að gera þar til bærnum yfirvöldum hér grein fyrir fjárfestingunni og fengum grænt ljós á kaupin.“

Meðal þess sem bornar hafa verið brigður á er að eignarinnar í Eglu sjáist ekki stað í ársreiðningum. „Við færðum eignina í veltubók bankans og samkvæmt þýskum reglum höfum við fimm ára frest til að ákveða hvort við hyggjumst eiga í öðru fjárfestingartækni til langframa.“ Þýski bankinn er einkabanki og segir Gatti að hann sundurliði ekki slíkar eignir í gögnum sem birtar eru almenningi. Þá segir Gatti að þegar menn séu að skoða hagnað bankans gæti ákveðins misskilnings. „Við gerum ekki upp eftir alþjóðareikningsskilum. Við höfum samkvæmt þýskum lögum heimild til að fara öðruvísi með hagnað. Við viljum halda þessari bókkunaraðferð eins lengi og við megum. Ef menn skoða sambærilega banka og okkar, þá sýna þeir ekki mikinn hagnað, þrátt fyrir að vera miklu stærri en við.“

Hann ítrekar að við einkavæðingu Búnaðarbankans hafi bankinn keypt sjálfur og ekki hafi legið fyrir neinir skriflegir eða munnlegir bak-samningar í tengslum við kaupin. Bankinn hafi fjárfest og fengið ágætan hagnað af þeirri fjárfestingu.

Hlutabréf og krónan féllu í kjölfar skýrslu Fitch

Neikvæðar horfur á lánshæfismati ríkissjóðs. Vaxandi erlend skuldaaukning og mikill viðskiptahalli áhyggjuefni. Núverandi efnahagsstefna gagnrýnd.

Matsfyrirtækið Fitch hefur breytt horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar. Þetta gerir fyrirtækið vegna vaxandi þjóðhagslegs ójafnvægis, það er mikils viðskiptahalla og hraðrar erlendar skuldaaukningar.

Matsfyrirtækið staðfesti lánshæfiseinkunn fyrir erlendar langtímaskuldbindingar (AA-) og fyrir innlendar skuldbindingar (AAA) og ennfremur eru lands-einkunn (AA) og lánshæfiseinkunn fyrir erlendar skammtímaskuldbindingar (F1+) þær sömu og áður.

Það er mat Fitch að einkenni ofhitnunar hafi komið fram í hagkerfinu sem endurspeglast í vaxandi verðbólgu, hraðri útlánaaukningu, hækkandi eignaverði, miklum viðskiptahalla og aukinni erlendri skuldasöfnun. Þróunin hérlendis hefur verið óhagstæðari en matsfyrirtækið reiknaði með.

Núverandi efnahagsstefna er gagnrýnd. Of mikið hefur verið lagt á peningamálastefnuna á meðan ríkisfjármálin hafi mætt

afgangi. Þrátt fyrir tólf vaxtahækkunar síðan í maí 2004 hefur raungengi krónunnar hækkað og viðskiptahallinn aukist.

Tíðindin höfðu mikil áhrif á gjaldeyrismarkaði og lækkaði gengisvísitala krónunnar skarpt eða um tvö prósent á skömmum tíma. Hlutabréfaverð lækkaði einnig í Kauphöll Íslands, einkum bréf í fjárfestingartækjum, og hafði Úrvalsvísitalan lækkað um fjögur prósent.

- eþa

Góð ávöxtun og litill áhætta

Peningabréf eru áhættuminni sjóður Landsbankans. Lágmarkskaup eru 5.000 kr. og hægt er að vera láskrift að sjóðnum. Gengi sjóðsins hefur síðri lækkað á milli daga og því hentar hann þeim sem fjárfesta til stamms tíma og vilja litla áhætta.

10,5%

Rekstrargæði á langframa
frá 9. janúar - 1. febrúar 2006

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	6%	14%
Alfesca	2%	0%
Atorka Group	-1%	-4%
Bakkavör Group	1%	3%
Dagsbrún	12%	9%
Flaga Group	2%	-16%
FL Group	4%	42%
Íslandsbanki	4%	29%
KB banki	-2%	31%
Kögun	1%	6%
Landsbankinn	5%	21%
Marel	0%	0%
Mosaic Fashions	1%	-4%
Straumur	-1%	30%
Össur	6%	-4%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Útlán Frjálsa fjárfestingarbankans tvöfölduðust

Vaxtatekjur drógust saman um tæp 27 prósent þrátt fyrir að útlán hafi tvöfaldast.

Hagnaður Frjálsa fjárfestingarbankans var 573 milljónir króna á síðasta ári og jókst um tíu prósent á milli ára. Arðsemi eigin fjár var um sautján prósent.

Hreinar vaxtatekjur drógust saman um tæp 27 prósent, þrátt fyrir að útlán hafi tvöfaldast, og námu 644 milljónum króna. Skýrist það af minnkandi vaxtamun sem lækkaði í 2,4 prósent úr 4,3 prósentum. Gengishagnaður

af fjármálastarfsemi og góð afkoma dótturfélagsins Fasteignafélagsins Hlíðar juku mjög aðrar rekstrartekjur.

Framlag í afskriftarreikning dróst saman um fimmtung á milli ára og nam 82 milljónum króna.

Efnahagsreikningur Frjálsa, sem er dótturfélag SPRON, þandist út um 112 prósent og voru eignir metnar á 37,5 milljarðar í árslok. - eþa

Landsbankinn 312 milljarða króna virði

Virði Landsbanka Íslands er 312 milljarðar króna samkvæmt nýju verðmati greiningar Íslandsbanka. Jafngildir það þrjátíu krónum á hlut og hækkar úr tuttugu og einni krónu frá síðasta verðmati.

Gengi bréfa í Landsbankanum höfðu lækkað um rúm fjögur prósent laust fyrir klukkan þrjú í gærkvöld og stóðu bréf í félaginu í tuttugu og níu krónum á hlut. Markaðsvirði bankans er samkvæmt því rúmum 324 milljarðar króna.



HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSBANKANS Íslandsbanki hefur gefið út verðmat á Landsbanka og mælir með því að fjárfestar haldi í bréf sín til lengri tíma.

Greiningardeild Íslandsbanka mælir með því að fjárfestar haldi í bréf í Landsbankanum þegar litið er til lengri tíma. - jsk

Kögun heldur undir væntingum

Kögun skilaði 636 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Uppgjörð er heldur undir væntingum markaðarins sem hafði reiknað með 270 milljóna króna hagnaði á fjórða ársfjórðungi en raunin varð 202 milljónir.

Félagið óx gríðarlega á nýliðnu ári í tengslum við yfirtökur. Þannig hækkuðu rekstrartekjur um 253 prósent og voru um 12,5 milljarðar króna. Reksturinn einkenndist af góðri arðsemi af hugbúnaðarhlutanum sem sýndi 17,3 prósent fram-

legð. Velta vélbúnaðarhlutans var hins vegar undir væntingum stjórnenda Kögunar og sýndi aðeins 3,3 prósent framlegð. Arðsemi Kögunarsamstæðunnar á Íslandi er mun betri en á Norðurlöndunum.

Jafnframt hefur verið greitt frá því að dótturfélag Exista hafi keypt tíu prósent hlut í Kögun af KB banka. Kaupverðið var um 1.264 milljónir króna. Síminn, sem er stærsti hluthafinn í Kögun með um 27 prósent hlut, er að stærstum hluta í eigu Exista. - eþa



Danól og Ölgerðin til sölu

Danól hefur verið sett í sölu ásamt Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni. MP Fjárfestingarbanki sér um söluna sem taka á einn og hálfan mánuð.

Óli Kristján Ármannsson
skrifur

Eigendur Daníels Ólafssonar ehf., sem rekur heildsölufyrirtækið Danól, hafa ákveðið að selja fyrirtækið og allar eignir þess, þar með talda Ölgerðina Egil Skallagrímsson ehf. Félögin verða seld saman eða hvort í sínu lagi að því gefnu að ásætlanlegt kaupboð berist, en sölumæðferðin er í höndum MP Fjárfestingarbanka. Áætlað er að salan taki um sex vikur.

Rekstur Danól og Ölgerðarinnar er sagður hafa gengið mjög vel undanfarin ár og árið 2005 sagt það besta í rekstri beggja fyrirtækja frá upphafi. „Velta Danól hefur vaxið jafnt og þétt og var 2,3 milljarðar 2005. Ölgerðin hefur vaxið um 50 prósent frá því í janúar 2002 og var velta fyrirtækisins í fyrra um 5,5 milljarðar,“ segir í tilkynningu.

Einar Friðrik Kristinnsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Danól í 42 ár, lætur af störfum þegar fyrirtækið verður selt. „Ég hef verið lengi í þessum rekstri og finnst kominn tími til að draga mig í hlé. Nú eru góðar aðstæður til að selja enda margir fjársterkir aðilar sem hafa bolmagn til að kaupa. Við

viljum koma fyrirtækjunum í hendur traustra aðila sem geta haldið uppbyggingu rekstrarins áfram og tryggt starfsfólkinu öruggt starfsumhverfi,“ segir hann.

Danól er eitt stærsta innflutnings- og dreifingarfyrirtæki, en það sinnir innflutningi og markaðssetningu á mat- og sérvöru fyrir verslanir, bakarí og stóreldhús. Meðal vörumerkja Danól eru Merrild, Nestlé, Nescafé, Duni, Neutral, Oroblu, Quality Street, KitKat og After Eight.

Danól er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1932, en eigendur þess eru hjónin Einar Friðrik Kristinnsson framkvæmdastjóri og Ólöf Októsdóttir. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 manns.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson var hins vegar stofnuð árið 1913, en hefur verið í eigu Danól frá því vorið 2002. Hjá Ölgerðinni starfa um 130 starfsmenn og starfstöðvar eru víða um land. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og markaðssetur gosdrykki, vatn, öl, bjór, léttvín, sterkt áfengi og snakk. Meðal vörumerkja Ölgerðarinnar eru Egils Malt og Egils Appelsín, Pepsi, Kristall og Kristall Plús, Rosemount, Egils Gull, Tuborg, Brennivín, Smirnoff, Gatorade og Doritos.

Áhættuþættir í rekstri bankanna ofmetnir

Við annan tón kveður í nýlegri skýrslu JP Morgan um stöðu íslensku bankanna en heyrst hefur frá öðrum erlendum greiningaraðilum á borð við Credit Sights og Barclays Capital að undanförunu.

JP Morgan álitur að fjárfestar hafi ofmetið áhættuþætti í rekstri viðskiptabankanna og því sé álag á skuldabréf bankanna of hátt samanborið við ríkissjóð. Kaupþækifæri liggja í skuldabréfum íslenskra banka eftir að fjárfestar hafi losað sig við þau bréf sem hafi leitt til hækkandi ávöxtunarkröfu.

Í skýrslunni segir að fjárfestar hafi velt gaumgæfilega fyrir sér innbyggða áhættu innan íslensku bankanna, hraðri útpenslu og stöðugleika í rekstrinum til lengri tíma. JP Morgan telur að þótt eðlilegt sé að velta vöngum yfir þessum þáttum



hafi fjárfestar ofmetið þá og gert það að verkum að langtímasjónarmið hafi haft of mikil áhrif á verðmyndun skuldabréfa til skemmri tíma.

Skýrsluhöfundar segja að núverandi staða geti ekki staðist til lengdar nema ef aðstæður til skemmri tíma breytist til verri vegar. - eþa

Við viljum að þú nái árangri

“Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinnanna.“

Guðríður Ólafsdóttir
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

SKRIFSTOFAN Í VASANUM

Þú getur gert flest allt sem þú gerir á skrifstofunni þinni nánast hvar sem þú ert í heiminum.



BlackBerry 7290™

BlackBerry 7100g™

BlackBerry

Sérhæft, þráðlaust samskiptatæki sérstaklega hannað til að vinna með gögn auk þess að vera farsími. Tækið hefur einfalt og þægilegt lykklaborð og stóran skjá.

Windows Mobile

Microsoft sími sem gerir þér kleift að vinna með tölvupóst o.fl. í Microsoft umhverfi.



OpenHand

Hugbúnaður sem veitir aðgang að tölvupósti, dagbók o.fl. Openhand er hægt að keyra á nokkrum mismunandi gerðum GSM síma.

„Í mínu vafstri er nauðsynlegt að vera alltaf í takt við það sem er að gerast“

Kári Sturluson, framkvæmdastjóri Ungfrú Uglu ehf.

Fyrir þá sem eru á ferðinni skiptir miklu máli að hafa greiðan og öruggan aðgang að hvers kyns gögnum. Því er mikilvægt að geta hreinlega verið með skrifstofuna í vasanum og hafa þar með meiri sveigjanleika í starfi og betra aðgengi að upplýsinum auk þess að nýta tímann vel.

Hjá Símanum færðu samskiptatæki, sem auk þess að vera farsími, veita þér öruggan og auðveldan aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðaskrá og netþjóni þíns fyrirtækis.

Síminn býður sérhæfðar lausnir í þráðlausum samskiptum sem hjálpa þér að nálgast nauðsynlegar upplýsingar og gögn og sinna starfi þínu nánast hvar sem þú ert.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í **800 4000** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

Storebrand slær markaðnum við

Norska fjármálafyrirtækið Storebrand skilaði góðu uppgjöri í síðustu viku. Hagnaður fyrirtækisins var 3,9 milljarðar króna samanborið við tæpa 3,5 milljarða árið áður. Uppgjörð var langt umfram væntingar en sérfræðingar höfðu spáð hagnaði á bilinu 2,4-3,3 milljarða. Stjórnendur bankans segja að margir þættir hafi stuðlað að þessu: Gott árferði á hlutabréfmarkaði og vöxtur í eignastýringu, líftryggingasölu og banka-

þjónustu.

Fjórtíu stærsti hluthafinn í Storebrand, sem metinn er á 175 milljarða króna, er Arion-verðbréfavarsla sem er í eigu KB banka. Hlutur hennar er um 4,6 prósent en Íslendingar eiga samtals 5,3 prósent í bankanum.

Gengi Storebrands hækkaði um átta prósent í Kauphöllinni í Osló við tíðindin. Frá áramótum hefur virði fyrirtækisins hækkað líðlega um fjórðung.

- eþa

Fullnaðarsigur í þorskastríðinu

Dótturfélag Samherja, UK Fisheries, keypti nýverð útgerðarfyrirtækið J. Marr í Hull í Bretlandi. Með kaupnum voru sameinaðar tvær síðustu útgerðir úthafstogara í Hull, J. Marr og Boyd.

UK Fisheries er til helminga í eigu Onward Fishing Co., dótturfélags Samherja og Parlevliet Van Der Plas í Hollandi.

Nigel Atkins, sem var framkvæmdastjóri útgerðarsviðs J. Marr og tekur við sem stjórnarformaður UK Fisheries, sagðist mjög ánægður með að fyrirtækin gömlu næðu saman með þessum hætti og sagði stefnt að því að það hefði áfram aðsetur í Hull og réði til sín skipstjóra og áhafnir á staðnum.

J. Marr er eitt elsta útvegsfyrirtæki Breta, stofnað árið 1870, en það tók virkan þátt í þorskastríðinu á Íslandsmiðum og barðist hart á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar gegn takmörkunum á fiskveiðum við Ísland. - óká



SÁ GULI Ragnar Jónsson sjómaður með gólþorsk.

213 milljarða aukning eigna

Hreinar eignir lífeyrissjóðanna voru 1.200 milljarðar um síðustu áramót og jukust um 22 prósent á milli árána 2004 og 2005. Þær námu 987 milljörðum í ársbyrjun 2005 og hækkuðu því um 213 milljarða á síðasta ári.

Eignaukningin í innlendum hlutabréfum var 45 prósent og 36 prósent í erlendum verðbréfum. Hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í innlendum hlutabréfum taldi 185 milljarða í árslok en tæpa 300 milljarða í erlendum verðbréfum, sem jafngildir fjórðungi af eignum þeirra.

- eþa



Verulegur vöxtur VBS

VBS fjárfestingarbanki, eða Verðbréfastofan, skilaði rúmlega 407 milljóna króna hagnaði á síðasta ári sem er um 175 prósentu aukning frá árinu 2004 þegar niðurstaðan var 147 milljónir króna.

Arðsemi eigna fjár var mjög mikil eða 69 prósent.

Rekstrartekjur fyrirtækisins námu 918 milljónum króna, og meira en tvöfölduðust, en rekstrargjöld um 423 milljónum.

Eignir Verðbréfastofunnar voru um 6.360 milljónir króna í árslok og eigið fé 1.250 milljónir.

Hluthafar í félaginu eru 78 talsins og fá þeir greiddan 50 prósentu arð fyrir síðasta ár. - eþa

Metár hjá Opera Software

Kaupthing hefur hækkað mat sitt á Opera í Noregi. Tekjur Opera af farsíma- og netsviði hafa tvöfaldast milli ára.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Uppgjör norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software fyrir síðasta ársfjórðung 2005 sem birt var á mánudag sýnir að sölutekjur á farsíma- og netsviði fyrirtækisins hafa aukist um tæpa 100 prósent milli ára. Gengi bréfa fyrirtækisins tók nokkurn kipp í norsku kauphöllinni í kjölfarið og hækkaði samdægurs um 8,92 prósent. Kaupthing banki á Norðurlöndum birti einnig í kjölfar uppgjörsins endurmat á virði félagsins vel yfir verði bréfanna í kauphöll. Gengi bréfa í Opera Software var fyrir uppgjörið 21,3 norskar krónur, en Kaupthing metur þau á 30 krónur norskar.

Með útibú í Indlandi

Opera Software kynnti í vikunni fyrirætlanir um opnun þróunarútibús í Indlandi. Opna á skrifstofu í Chandigarh til gæðaprófana og með starfsfólki verkefnis sem kallast Opnum vefinn og á að stuðla að notkun staðla á netinu.

Jón S. von Tetzchner, forstjóri Opera Software, hélt til Indlands á þriðjudagsmorguninn, en hann segir vænlegra hafa verið talið að opna eigin skrifstofu en beita útivistun. „Við byrjum hins vegar smátt og sjáum svo hvað verður. Indverski markaðurinn er stór og við höfum farið svipaðar leiðir áður með uppsetningu skrifstofa í Kína, Japan og í Bandaríkjunum,” segir hann en bætir við að einnig sé lítið til þess að þarna geti starfað fólk sem sinnir alþjóðasamskiptum, enda Indverjar altalandi á ensku.

- óká

Jón Stephenson von Tetzchner, íslenskur forstjóri og annar tveggja stofnenda Opera Software, sagðist að vonum ánægður með síðasta ár, en á fjórða ársfjórðungi síðasta árs var að finna Opera netvafra á 6,1 milljón seldra farsíma í heiminum, miðað við 3 milljónir á sama tíma árið áður. Vafurinn var settur upp á 17 milljónum síma miðað við 8,8 milljónir árið 2004. „Allt er þetta á leiðinni í rétta átt,” segir Jón og kveðst hafa væntingar um svipaðan vöxt á þessu ári. „Það er mikilvægt að halda áfram á fullri ferð. Við höfum sett okkur það markmið að tvöfalda aftur þann fjölda síma sem vafri okkar verður á,” segir hann og bendir á að það sem af er ári hafi komið fram sex nýir farsímar með Opera vafra, en á sama tíma í fyrra hafi enginn einasti slíkur verið kominn fram. „Þá tók þetta nokkra mánuði áður en tölurnar fóru að hækka þannig að þetta lítur töluvert betur út núna.“

Jón segist ekki óttast að þróun á síma- markaði þar sem nettækni er í auknum mæli að ryðja sér til rúms hafi áhrif á útbreiðslu vafrans. „Ég held að það komi til með að verða nóg til af farsímunum. Eina spurning er hvernig þessi kerfi koma til með að verða í framtíðinni,” segir hann en kveður fyrirtækið munu bregðast við þeirri þróun. „Netsímunum á eftir að fjölga,



en til að vera með flökkusíma þarf nettenging að vera til staðar. Smátt og smátt kann þetta auðvitað að breyta landslaginu á síma- markaði, en erfitt er að spá fyrir um hvernig þær breytingar verða.“ Jón segir að fyrir Opera breyti þróunin hins vegar engu. „Við getum verið á hvaða síma sem er og gildir einu hvort tengingin er um GSM eða á annan hátt. Því hraðara sem netið er því betra er það fyrir notandann. Það er góð þróun fyrir okkur að vægi Internetsins aukist.“

JÓN STEPHENSON VON TETZCHNER
Jón, sem er forstjóri Opera Software í Noregi, var að vonum kampakátur með uppgjör síðasta árs. Hann segir stefnt á viðlíka vöxt á þessu ári.



Skilaði Auði auði

Auður Sigurðardóttir sparar fasta upphæð mánaðarlega. Hún fjárfestir í Stuttum skuldabréfasjóði og á því í ólíkum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og trausta fyrirtækja sem gefa góða og örugga ávöxtun.

SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlauðnar hvenær sem er.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af sölupóknun allt árið 2006.

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

e kort

spron
VERÐBRÉF



AUSTURBAKKI ISMED
ICEPHARMA
HVAÐ ER MARISSA
SARTRUMARISSA

Sterkari saman

Icepharma byggir á sterkum grunni rótgróinna fyrirtækja og eru Austurbakki og Ismed nýjustu liðsmennirnir. Icepharma sækir nú fram sterkari en nokkru sinni fyrr sem eitt öflugasta fyrirtækið á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði. Við leggjum metnað okkar í að veita framúrskarandi þjónustu og vandaðar vörur á samkeppnishæfu verði og stöndumst þannig ströngustu kröfur viðskiptavina okkar með reynslumikið starfsfólk í broddi fylkingar.

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is



icepharma

Asískir skór á undirverði

Evrópusambandið (ESB) íhugar nú að beita refsitollum á skó sem framleiddir eru í Kína og Vietnam og fluttir til landa sambandsins. Talsmenn sambandsins segja skóna selda á undirverði í Evrópu.

Innflutningur á skóm frá Vietnam til landa ESB jókst um sjö hundruð prósent á síðasta ári, um helmingi minni aukning varð á innflutningi frá Kína. „Framleiðendurnir njóta óhóflegra ríkisstyrkja og geta af þeim sökum selt skó í Evrópu á fáránlegu verði,“ sagði Peter Power talsmaður ESB.

Líklegt þykir að tollar á innflutta skó frá Kína og Vietnam verði hækkaðir um tuttugu prósent grípi yfirvöld í löndunum ekki í taumana. -jsk



Risastór flugvélasamningur

Indverska ríkisflugfélagið hyggst endurnýja flugvélaflota sinn. Airbus hreppti hnossið.

Evrópski flugvélarisinn Airbus og indverska ríkisflugfélagið Indian hafa komist að samkomulagi um kaup Indian á fjörutíu og þremur Airbus-flugvélum. Kaupverð er tæpir hundruð fimmtíu og fimm milljarðar íslenskra króna.

Airbus er að átta tíu prósent hluta í eigu hins franska EADS en breska fyrirtækið



AIRBUS A380 FLUGVÉL Airbus og Indian hafa gert með sér risasamning. Indian mun kaupa fjörutíu og þrjár Airbus-flugvélar á rúma hundruð og fimmtíu milljarða íslenskra króna.

BEA á þau tuttugu prósent sem eftir standa. Indian bar áður nafnið Indian Airlines og hefur um þrjátíu og þriggja prósent markaðshlutdeild í innanlandsflugi í Indlandi.

Þetta verða fyrstu vélar sem Indian kaupir í rúm fimmtán ár. Samningaviðræður stóðu yfir í um þrjú ár og munu Jacques Chirac, forseti Frakklands, og indverski forsætisráðherrann, Manmohal Singh, undirrita samningana. -jsk

MacDonalds í lagafækju

Franskar kartöflur frá MacDonalds innihalda vörur sem valdið geta ofnæmisviðbrögðum.

MacDonalds-hamborgararinn á yfir höfði sér þrjár lögsóknir hið minnsta, eftir að í ljós kom að franskir kartöflur fyrirtækisins innihéldu hveiti- og mjólkurvörur.

MacDonalds-samsteypa tilkynnti þann þrettánda febrúar síðastliðinn að komið hefði í ljós við efnagreiningu að frönskurnar innihéldu áður nefndar matvörur. Áður höfðu þær verið taldar herramannsmat-ur fyrir fólk með hveitiofnæmi og mjólkurþol.

Hamborgararisanum hefur meðal annars verið stefnt fyrir rétt í Cook-sýslu í Illinois-fylki og fer Debra nokkur Moffatt þar fram á bætur vegna vítaverðs gáleysis MacDonalds. „Debra

át frönskurnar í þeirri trú að þær innihéldu ekkert glúten. Annað átti eftir að koma í ljós,“ sagði lögfræðingur Moffatt.

Glúten er prótín sem finna má í hveiti.



MACDONALDSHAMBORG-ARAKEÐJAN LÁTIN FINNA FYRIR ÞVÍ Hamborgari í kassa.

Níu milljarðar í súginn

Fjórðungur tekna Afríkúríkja fer í vasa spilltra embættismanna. Vestrænir bankar spila með segir Nígeríuforseti.

Afríkúríki tapa á hverju ári rúmum níu þúsund milljóðum íslenskra króna vegna spillingar, segir Olusegun Obasanjo forseti Nígeríu. Samkvæmt því fer rúmlega fjórðungur tekna Afríkúríkja beint í vasa spilltra embættismanna.

Þetta kom fram í ræðu forsetans á ráðstefnu Sambands Afríkúríkja, þar sem Nígería er í forsæti. Obasanjo sagði olíuðnað og náma-gröft verða verst úti en benti á að Vesturlönd gætu ekki þvegið hendur sínar af spillingu.

„Vesturlönd eiga ekki minnstan þátt í þessu. Þar valsa glæpamenn inn og út úr fjármálastofnunum með illa fengið fé undir höndum.“

Yfirvöld gera ekki nokkra tilraun til að grípa í taumana.“



OLUSEGUN OBASANJO NÍGERÍUFORSETI

Forsetinn hefur skorið upp herðir gegn spillingu. Hann segir ríki Afríku tapa níu milljóðum króna árlega vegna spillingar.



Mark

skrifstofustólar

30% afsláttur

Mark 30 Fullt verð 58.900 kr.
Tilboðsverð **41.230 kr.**



Á. GUDMUNDSSON
Bæjarlind 8-10 • Kópavogi • Sími 510 7300 • www.ag.is



SÚKKULAÐI FRÁ HAFLIÐA RAGNARSSYNI SÚKKULAÐIMEISTARA Ef fram heldur sem horfir verður skortur á súkkulaði eftir tíu til fimmtán ár.

Súkkulaði vinsælt í Asíu

Eftirspurn eftir súkkulaði í Asíu hefur aukist gríðarlega. Evrópumenn eru mettir.

Líklegt er að heimsmarkaðsverð á súkkulaði komi til með að hækka á næstunni vegna aukinnar eftirspurnar frá Asíu. Eftirspurn eftir súkkulaði hefur aukist um þrjátíu prósent í Kína síðasta árið og um rúm tuttugu og fimm prósent í Indlandi og Indónesíu. Markaðir í Bandaríkjunum og Evrópu eru hins vegar mettir.

„Ef fram heldur sem horfir og eftirspurn í Asíu og Austur-Evrópu heldur áfram að aukast, má reikna með að eftirspurn eftir

súkkulaði verði mun meiri en framboð eftir tíu til fimmtán ár,“ sagði Patrick de Maeseniere, forstjóri svissneska framleiðandans Barry Callebaut, í viðtali við Financial Times.

Verð á helstu hráefnum til súkkulaðigerðar hefur hækkað hratt undanfarin misseri. Kílóverð á heslihnetum hefur til að mynda þrefaldast á tveimur árum. Mestu munar þó um kakó-ið sem tekið er upp á fimm ára fresti og því erfitt að bregðast við skorti. -jsk

Skæruliðar hækka olíuverð

Olíuverð hækkaði snarlega um rúman bandaríkjadal á fat eftir að fréttir bárust af truflunum á framleiðslu í Nígeríu. Nígería er áttundi stærsti útflytjandi olíu í heiminum.

Hækkanirnar urðu í kjölfar þess að níu olíuverkamenn voru teknir í gíslingu eftir árás á olíuframleiðslustöð við árósa Níger. Í yfirlýsingu frá MEND-Skæruliðahreyfingunni, sem berst fyrir að svæði við bakka Níger verði gert að sjálfstjórnarsvæði, tók hreyfingin fulla ábyrgð á gíslatökunni. Jafnframt kom fram að hreyfingin hygði á eldflaugaársir á helstu olíuvinnslustöðvar.

Heimsmarkaðsverð á olíu stendur nú í rúmum 61 dal á fatið. -jsk



PAUL WOLFOWITZ HEIMSAEKIR OLÍUVINNSLUSTÖÐ Í NÍGERÍA Mikil ólga hefur verið kringum olíuvinnslustöðvar í Nígeríu og truflanir á framleiðslu tíðar. Árásir skæruliða öllu snörpum hækkuðum á heimsmarkaðsverði á mánudag.

Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærrí innlámsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

sph
550 2000 | www.sph.is



ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 / SÍMI 530-2800 / www.ormsson.is

SKRIFSTOFUTÆKI

sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri

Frábær faxtæki fyrir fyrirtæki og heimili

SHARP

**FRAMÚRSKARANDI
ENDING OG GÆÐI
- GÓÐ ÞJÓNUSTA OG
HAGSTÆTT VERÐ**

Kynnið ykkur málið!



SHARP UX-P410

- Faxtæki/sími
- Hitafilmuprentun
- 50 blaða pappírshakki
- 10 blaða arkamatari
- 448Kb móttöku minni (24bls)

Tilboðsverð:
Kr. 12.900 m/vsk



SHARP FO-3150

- Faxtæki
- Laser prentun
- 200 blaða pappírshakki
- 20 blaða arkamatari
- 1,8 Mb móttöku minni (100bls)

Tilboðsverð:
Kr. 39.900 m/vsk



SHARP FO-5900

- Faxtæki
- Laser prentun
- 250 blaða pappírshakki
- 50 blaða arkamatari
- 2 Mb móttöku minni (125 bls)

Tilboðsverð:
Kr. 99.900 m/vsk

Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum í fremstu röð um allan heim. SHARP prentarar/ljósritunarvélar eru augljós lausn fyrir krefjandi þarfir og metnað skrifstofunnar. Úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.

SKERPAN KEMUR FRÁ
SHARP



SHARP AR-M 550/620/700 Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax

- 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
- A3 stærst A5R minnst
- Minnkun & stækkun 50%-400%
- Sjálfvirk lýsing afrita
- Frumritamatari 150 blöð
- 40Gb harður diskur
- 100 blaða framhjámatari
- Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
- 1200 x 600 punkta upplausn
- Snúningsbúnaður afrita
- Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.

Aukabúnaður:

- Netkort (AR-M550)
- Faxbúnaður G3, modem hraði 33.600 bps, hægt að senda beint á netföng
- Skönnun allt að 600 punkta upplausn
- 3500 blaða pappírsgeymsla
- Raðari (með eða án heftunar)
- Gatari
- PostScript letur
- Strikamerkaletur
- Data security kit
- Inserter

Birt með fyrirvara um innihaltarvillur í texta og myndröngl.



SHARP AR-M160D

- Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
- 16 eintök á mínútu
- Ljósritar/prentar á stærst A3
- Minnkun-stækkun: 50-400%
- Sjálfvirk lýsing afrita
- Sérstök ljósmyndastilling
- 100 blaða framhjámatari
- 250 blaða pappírshakki
- Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar
- Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír

Tilboðsverð
Kr. 99.900



SHARP AL-1552

- Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
- 15 eint. á mínútu í ljósritun/12 eintök í prentun
- A4 stærst A6 minnst
- Minnkun-stækkun: 25-400%
- 250 blaða pappírshakki
- Snúningsbúnaður afrita (duplex)
- Upplausn 600x600 dpi
- USB og Paralell tengi
- Litaskanni 600x1200 punktar

Tilboðsverð
Kr. 49.900

Öruggar og þægilegar sjóðvélar og reiknivélar



SHARP ERA-220

- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Refrænn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítill skúffa.

Verð:
Kr. 41.900 m/vsk



SHARP EL2607P

- Reiknivél

Tilboðsverð
Kr. 9.900



TILBOÐSVERÐ

SHARP PG-B10S

- Skjávarpí
- Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 74.900 m/vsk
3ja ára ábyrgð



TILBOÐSVERÐ

SHARP XR-10X

- Skjávarpí
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 99.900 m/vsk
3ja ára ábyrgð

Útgáfu Playstation 3 kann að seinka

Óvíst er að Sony nái að gefa út Playstation 3, næstu kynslóð leikjätölvunnar vinsælu, í vor eins og ætlað var vegna þess að ekki hefur verið lokið við gerð ákveðinna staðla sem ný tækni hennar á að styðjast við. Fréttavefur Ríkisútvarpsins breska, BBC, greindi frá þessu í vikunni.

Hægt verður að leika tölvuleiki á PS3 tölvunni auk þess að spila tónlist og horfa á vídeó. Tölvunni keppir við Microsoft Xbox 360 og Nintendo Revolution.

PS3 tölvunni á að vera búin allra



PLAYSTATION 3 LEIKJATÖLVUNN Hér getur að líta frumútgáfu PS3 leikjätölvunnar sem koma átti út í vor, en útgáfan gæti frestast ef iðnaðurinn verður mikið lengur að koma sér saman um ákveðnar tegundir staðla.

nýjustu tækni varðandi DVD-spilun, örgjörva og myndvinnslu, en að sögn Sony kann útgáfa hennar að frestast verði ekki gengið frá staðlamálum í iðnaðinum innan skamms.

„Við stefnum á vorið, en höfum ekki gefið út á hvaða markaðssvæðum,“ er haft eftir talsmanni tölvuleikjadeildar Sony. Staðlarnir sem beðið er eftir tengjast nýrri Blu-ray DVD tækni, en þar er notast við bláan

geisla í stað rauðs nú, auk staðla tengdum út og inntaki myndar og hljóðs.

- óká

Vodafone með eigin farsíma

Stærsta fjarskiptafyrirtæki heims hyggst setja eigin símtæki á markað.

Breski fjarskiptarisinn Vodafone hyggst setja á markað farsíma undir eigin nafni í lok árs. Farsíminn verður framleiddur af hinu kínverska Huawei og hafa fyrirtækin handsalað fimm ára framleiðslusamning.

Vodafone er stærsta fjarskiptafyrirtæki heims og hyggst setja nýja símann á markað í tuttugu og einu landi. Um verður að ræða svokallaða þriðju-kynslóðar farsíma og segja forsvars-

menn Vodafone hann verða ódýrari en áður hefur þekkt.

Huawei er stærsti framleiðandi farsíma í Kína og hafði lengi leitað leiða til að auka vega sinn í Evrópu. Huawei bauð á síðasta ári í breska framleiðandann Marconi en varð undir í baráttu við Sony-Ericson. „Þetta er stórkostlegt tækifæri og opnar fyrir okkur dyr, á áður óþekktum slóðum,“ sagði Ping Guo stjórnarformaður Huawei.

- jsk

Vitsmunalíf á Beta CVn

Vísindamönnum þykir líklegast að vitsmunalíf sé að finna á plánetunni Beta CVn. Vitsmunalíf þróast á milljörðum ára.

Jón Skaftason
skrifar

Stjarnfræðingar hafa sett saman lista yfir þær plánetur þar sem líklegast er að vitsmunalíf sé að finna. Á toppnum trónir Beta CVn plánetan sem er í tuttugu sex milljóna ljósára fjarlægð frá jörðinni.

Það voru vísindamenn við Carnegie-stofnunina í New York sem unnu listann. Vísindamennirnir mynda vinnuhóp sem árum saman hefur leitað að vitsmunalífi í geimnum með aðstoð geimsjóna- og útvarpsbylgna.

„Það er óteljandi fjöldi stjarna í geimnum og óvinnandi vegur að rannsaka þær allar með nákvæmni. Þess vegna ákváðum við að velja úr þær fimm



sem líklegastar verður að telja,“ sagði Margareth Turnbull, stjarnfræðingur og höfuðpaur vinnuhópsins.

Aðstæður á Beta CVn eru einkar hentugar; hún er nægilega gömul til að líf hafi getað myndast auk þess sem hitastig og efnasamsetning þykir ákjósanlegt. „Vitsmunalíf sprettur ekki upp á einni nóttu,“ sagði Turnbull og bætti við: „Það tók okkur jarðarbúa marga milljarða ára að mynda siðmenningu.“

Dell réttir úr kútnum

Hagnaður bandaríska tölvurísans Dell jókst um rúm fimm-tíu prósent á síðasta ársfjórðungi 2005 frá fjórðungnum á undan. Hagnaður fyrirtækisins nam alls tæpum sextíu og fimm milljörðum króna.

Dell, sem er langstærsti tölvuframleiðandi heims, hefur átt í nokkrum vanda undanfarið og

sendi frá sér tvö döpur uppgjör fyrir á árinu. Síðan hefur fyrirtækið tekið til í eigin ranni en sérfræðingar telja þó að erfiðir tímar séu framundan, einkum vegna hríðlækkandi verðs á heimilistölvum.

Hlutabréf í Dell Computer hækkuðu um rúm tálft prósent er fréttir bárust af uppgjörinu.

- jsk



VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturs-eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að billinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíll bílblaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðuðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvarn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómlutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upp-hituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjó hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílblaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhykksvörminu. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðuðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

GGI ALMANNATENGISL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo S40 bensín.
Verð frá 2.395.000 kr.*

Volvo S40 dísil.
Verð frá 2.765.000 kr.*

Nokia svarar Motorola

Nokia kynnti á dögnum þrjá nýja farsíma. Fyrirtækið sér sóknarfæri í framleiðslu síma í milliflokki verðs.

Finnski farsímarisinn Nokia hefur sett þrjár nýjar tegundir farsíma á markað. Mikil eftirvænting var á kynningunni sem fram fór á sýningunni 3GSM í Barcelona, höfuðborg Katalóníu, og var 6131 myndavélasímans beðið með mestri eftirvæntingu.

6131 símanum er ætlað að vera svar Nokia við hinum gríðarvinsæla Motorola Razr-farsíma en Nokia hefur legið undir gagnrýni fyrir lítið úrval í milliflokki verðs.

„Við ætlum að selja tugi milljóna eintaka af 6131 símanum. Þetta mun verða vinsælasti milliflokks sími í heimi,“ sagði Kai Oistamo verðandi forstjóri Nokia.

Síminn er svokallaður samlokusími, búinn 1,3 milljóna pixla myndavél, MP-3 spilara, útvarpi og EDGE internetvafra. Hann kemur á markað næsta

sumar og mun kosta rúmar tuttugu þúsund krónur.

Nokia er langstærsti farsímaframleiðandi veraldar og framleiðir þriðja hvern farsíma sem selst í heiminum í dag. - jsk

NOKIA 6131 SÍMINN
Nokia telur sig vera að svara Razr-línunni frá Motorola. Þriðji hver farsími sem selst í heiminum í dag er frá Nokia.



SÖGUHORNID

Geimstöðin Mir fer á loft

Sovéska geimstöðin Mir var send á sporbaug um jörðina þann 20. febrúar 1986. Mir var alla tíð stærsta geimstöð veraldar og þótti mikið afrek á sínum tíma þótt síðar yrði hún fræg að endemum.

Mir-geimstöðin leit út eins og nokkurs konar völuðarhús. Hún var í mörgum hlutum sem sendir voru hver í sínu lagi út í geiminn og tengdir stöðinni. Mir vó rúm hundrað tonn, og gátu allt að sex geimfarar dvalist þar í allt að mánuð í senn.

Bandaríkjamenn ætluðu upphaflega að byggja sína eigin geimstöð, Space Station Freedom, sem að sjálfsögðu skyldi slá Mir við. Það var snögglega slegið af við fall Sovétríkjanna og þess í stað ákveðið að leita samstarfs við Rússa um afnot af Mir.

Það varð úr og undirrituðu Al Gore, varaforseti Bandaríkjanna, og Victor Tsjernomyrdin, forsætisráðherra Rússlands, samning þess efnis að Mir yrði gerð að alþjóðlegri geimstöð árið 1993.

Samstarf Bandaríkjanna og Rússa reyndist þó alla tíð erfitt og var samband geimfaranna stírt. Ekki bættu sífelldar bilanir geimstöðvarinnar úr skák; eitt sinn kviknaði í stöðinni og í annað sinn lenti hún í árekstri við mannað geimfar.

Það fór svo að lokum að Mir gaf upp öndina. Ákvörðunin var þó umdeild enda hægara sagt en gert að koma viðlíka flykki út í geim. Skynsemin varð þó að lokum tilfinningunum yfirsterkari og Mir var sökk í Kyrrahafið þann 23. mars 2001 eftir fimmtán ára dygga þjónustu. - jsk



MIR GEIMSTÖÐIN Mir var á sínum tíma stolt Sovétmanna og gleði. Bandaríkjamenn voru í fyrstu grænnir af öfund og voru ekki í rónni fyrir en samningar um að Mir yrði alþjóðleg geimstöð voru undirritaðir.

Draumur hins lata

Bandarískur háskólanemi sem auðsýnilega leiddist húsverkin fann upp vél sem margir myndu vilja komast yfir. Vélin heitir „WashDryIron“ og býr, eins og nafnið gefur til kynna, yfir eiginleikum þvottavélar, þurrkara og straujárnis allt í senn. Vélin er hugmyndasmíð bandaríska háskólanemans Olivers Blackwell og lokaverkefni hans við Plymouth-háskóla. Blackwell gerir sér vonir um að vélin slái í gegn því hún spari allt að tíu daga strautíma á ári. „Pabbi



vinar míns sagðist aldrei myndi hafa gift sig ef þessi uppfinning hefði komið fyrir til,“ sagði nemandinn í viðtali við netútgáfu BBC.

Nýja vélin þvær, þurrkar og straujar fötin í aðskildum hölfum og getur höndlað allt að sextán stykki í einu, þar af stærstu gerð af rúmfötum. Uppfinningamaðurinn bíður nú spennur eftir að stór framleiðandi fjárfesti í verkefninu svo framleiðsla geti hafist. Gerir hann ráð fyrir að útsöluverð verði á bilinu 90 til 100 þúsund krónur. - hhs



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nærist á eigin væntingum

Hlutabréf hafa hækkað um 23 prósent að meðaltali á ári frá 1993. Hækkun Úrvalsvisitölnunnar það sem af er ári er komin upp fyrir spár tveggja viðskiptabanka fyrir árið í heild. Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka, segir væntingar um enn meiri hagnað fjármálafyrirtækja einkenna markaðinn.

Eggert Aðalsteinsson
skrifar

Eftir að íslenski hlutabréfamarkaðurinn tók djúpa dýfu í október og nóvember fyrir tæpu einu og hálfu ári síðan hefur hann stefnt þráðbeint upp. Á þessum tíma hefur Úrvalsvisitöln Kauphallar Íslands tvöfaldast. Hækkunir þessa árs eru orðnar talsvert meiri en á sama tíma á metárinu 2005. Þannig hefur Úrvalsvisitöln hækkað um 20 prósent á þessu ári samanborið við tólf prósent

HÆKKUN ÚRVALSVISITÖLUNNAR OG SPÁR VIÐSKIPTABANKANNA UM HÆKKUN HENNAR Á ÁRINU 2006

KB banki	26,5% *
ICEX	23,2%
Íslandsbanki	20%
Landsbankinn	12% **

* Bankinn spáði að úrvalsvisitöln væri í 7.000 stig

** Miðað við 12 prósent ávöxtunarkröfu á markaðinn

hækkun í janúar og febrúar í fyrra.

Í sögulegu ljósi hefur íslenskur hlutabréfamarkaður skilað gríðarlegri ávöxtun. Frá ársbyrjun 1993 til ársloka 2005 hækkaði hlutabréfvisitöln um 1.391,3 prósent sem samsvarar 23 prósent

hækkun á hverju ári. „Verður það að teljast sérlega góð ávöxtun, töluvert umfram það sem fjárfestar geta vænst af fjárfestingu af hlutabréfum í lengri tíma,“ segir í umfjöllun greiningardeildar KB banka frá því snemma á þessu ári. Á sama skeiði hækkaði S&P um 8,5 prósent á ári, Dow Jones um 9,5 prósent og Nasdaq um 12,4 prósent.

ICELANDAIR OG ÍSLANDBANKI

„Markaðurinn fer býsna vel af stað og slagar hátt í spá okkar fyrir árið,“ segir Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka. Vísar hann þar til þess að bankinn spáði því að visitöln væri í sjö þúsund stig á árinu eða yfir 26 prósent ávöxtun. Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn voru ívið varfærnari. Sá fyrrnefndi spáði um fimmtungshækkun en sá síðarnefndi um tólf

NOKKRAR VERÐBREYTINGAR Á ÁRINU 2006

Atlantic Petroleum	66%
FL Group	42%
Tryggingamiðstöðin	41%
KB banki	30%
Straumur	30%
Íslandsbanki	29%
Landsbankinn	21%
Actavis	14%
DAGSBRÚN	10%
Bakkavör	3%
ALFESCA (SÍF)	0%
MAREL	0%
Össur	-4%
Avion Group	-17%

prósent hækkun. Enn og aftur stefnir í það að Úrvalsvisitöln hækki umfram spár greiningardeilda. Væntingar á hlutabréfamarkaði um aukinn hagnað og frekari hræringar á fjármálamarkaði hafa ýtt undir stemninguna og margir verða varir við aukna þátttöku almennings í hlutabréfakaupum.

„Markaðurinn nærast svolítið á eigin væntingum þar sem búist er við feikilega góðum uppgjörum á fyrsta ársfjórðungi

auk þess sem framúrskarandi tölur sást á síðasta ári.“ Þórður telur að innistæða hafi verið fyrir sumum þessara hækkan. Þumalputtaregla fyrir skilvirka markaði, sem komin er frá hagfræðingnum Fischer Black, sé sú að verðlagning



EIFN STÆRSTU TÍÐINDIN Í VIÐSKIPTALÍFINU Á ÁRINU Hannes Smárason, forstjóri FL Group, og Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, kynna skráningu Icelandair á markað. FL Group hefur hækkað mest af stóru fyrirtækjunum á árinu eða yfir 40 prósent.

fyrirtækja á markaði liggi oft á bilinu 50 til 200 prósent af sannvirði þeirra og eigi þessi regla ekkert síður við íslenska markaðinn en hvern annan.

Uppgjör KB banka var mjög gott og eins var afkomutölum Landsbankans og Straums-Burðaráss vel tekið sem hefur haft jákvæð áhrif á verðþróun þessara félaga. Hins vegar var Íslandsbanki undir væntingum vegna óvænts gengistaps af hlutabréfum.

Þórður horfir mikið til þess hvað gerist í Íslandsbanka þar sem miklar væntingar eru bundnar eftir að Straumur seldi 21 prósent hlut fyrir meira en 50 milljarða króna og kjölfesta myndaðist í eigendahópi bankans. En einnig verður spennandi að fylgjast almennt með framþróun bankanna á erlendum vettvangi. Hann telur að allt þetta velti á aðgangi fjármálastofnana að erlendu fjármagni og þrátt fyrir fremur neikvæðar fréttir í þessum efnunum þá virðist það ekki hafa haft áhrif á fjárfesta.

Stærstu tíðindin á árinu verða að teljast skráning Icelandair á markað í vor og sala á dótturfélögum í eigu FL Group. Talið er að markaðsvirði Icelandair geti verið á bilinu 25-30 milljarðar og er því ljóst að FL Group leysir til sín mikinn hagnað við skráningu Icelandair. Þegar þetta er ritað hefur gengi FL Group hækkað um fjórtán prósent frá því að greint var frá skráningunni.

FJÁRMÁLAKAUPHÖLL

Einkenni þeirra hækkan sem orðið hafa á liðnum árum endurspeglast í verðhækkunum fjármálafyrirtækja og gríðarlegum styrk geirans. MP Fjárfestingabanki bendir á að vægi viðskiptabankanna þriggja, Íslandsbanka, KB banka og Landsbankans, í núverandi samsetningu visitölnunnar hefur hækkað úr 40 prósentum á seinni hluta árs 2001 í 60 prósent. Á sama tíma

hefur markaðsvirði bankanna þriggja hækkað úr 85 milljörðum í 1.300 milljarða eða um 1.430 prósent.

Hlutabréfamarkaðurinn er mjög einsleitur þar sem fjármálafyrirtækin bera höfuð og herðar yfir aðra hvað verðmæti snertir auk Actavis og FL Group, sem skilgreinir sig sem fjárfestingafélag. Á síðasta ári hækkuðu bréf Landsbankans mest en það sem af er ári hafa bréf í FL Group og Tryggingamiðstöðinni hækkað yfir 40 prósent og bréf í KB banka og Straumi-Burðarási yfir 30 prósent. Íslandsbanki kemur þar rétt á eftir og Landsbankinn hefur hækkað um fimmtung á árinu.

Þórður leynir því ekkert að hann og hans menn séu bjartsýnir á útrásina og frekari verkefni og nefnir til dæmis kaup Össurar og Actavis á síðasta ári. Útrásarfyrirtækin líði fyrir sterka stöðu krónunnar eins og sást í afkomutölum þeirra. „Á móti má segja að þeim gengur furðu vel þrátt fyrir sterka stöðu krónunnar og hafa getað mætt þeirri stöðu með hagræðingu, eins og til dæmis Marel, eða þá flutningi starfsemi úr landi eins og Flaga og raunar flest önnur fyrirtæki að einhverju marki.“

RÉTTI TÍMINN FYRIR ÚTBOÐ

Þótt ekkert liggi í loftinu um slíkt þá kæmi það Þórði ekki á óvart ef félög myndu leita til hluthafa sinna um útgáfu nýs hlutafjár eins og mörg félög gerðu í fyrra þegar Actavis, Avion Group, FL Group, Íslandsbanki og Landsbankinn sóttu verulegar fjárhæðir. Það sama hafði KB banki gert árið 2004. Íslandsbanki reið á vaðið snemma í janúar og seldi um nítján milljarða króna í lokuðu útboði til fagfjárfesta. Aðstæður til sölu á nýju hlutafélagum eru ákjósanlegar um þessar mundir vegna stemningar á markaði og mikils peningamagns í umferð.



Gulltryggt á Grillinu

„Undanfarnir ár hefur Grillið verið á öruggri siglingu upp á við og síðustu misserin hefur það á ný skipað sér í sess allra bestu veitingahúsa landsins. Enda hefur Grillið líka svo margt. Það er sagan. Það er þetta stórkostlega útsýni yfir vesturhluta Reykjavíkur. Ég ákvað að gefa Grillinu fimm stjörnur. Þetta er einn af fimm bestu veitingastöðum landsins og sterkur á öllum sviðum, ekki einungis í matargerðinni, heldur einnig húsnæði, þjónustu og vinlista. Allir elegant og svartklæddir, þjónustan öguð, kurteis og vel þjálfuð í alla staði * * * * *“

sts@mbl.is

„Grillið á Hótel Sögu er samnefni fyrir lúxus í veitingum. Þar fellur allt í einn og sama farveg glæsibragts, allt frá virðulegum húsakynnum og viðátumiklu útsýni yfir í frábæra þjónustu og matreiðslu á heimsmeilivörðum. Það er gott að vita af svona klassa hér á landi. Í rauninni sprengir Grillið fimm stjörnu skalann sem notaður hefur verið í þessum flokki greina um veitingahús * * * * *“

Jónas Kristjánsson matargagnrýnandi

Grillið - 8. hæð / Radisson SAS Hótel Saga
Sími: 525 9960 / www.grillid.is

Grillið



Betra Form

ÁRANGUR

8 vikna námskeið fyrir konur

Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan

Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á **Betra form**-námskeiðunum.

Vertu með!

Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is

Morgunhópar
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla

Innifalið:

- Þjálfun 3-5x í viku
- Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
- Fitumælingar og vigtun
- Matardagbók
- Vandað fræðsluefni
- **Lögmálin 9 um megrun** - nýútkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.


Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla

Hefst 6. mars

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

Núna er Kögun með stærstan skerf af geiranum hér, en helstu keppinautarnir eru Nýherji og svo TM Software, sem á nokkuð mörg upplýsingatæknifyrirtæki, sýnu mest í hugbúnaði, en einnig fyrirtæki á borð við Skyggni sem sér um rekstur tölvukerfa og útvistun. ... Þá er á þessum markaði aragrúi smærri fyrirtækja, en nýjustu tölur hjá Samtökum iðnaðarins segja þau vera 426 talsins.



Samþjöppun og aukin sam

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað meðal upplýsingatæknifyrirtækja síðustu vikur og sé Stórar blokkir bítast um viðskipti fyrirtækja og stofnana hér heima um leið og þær leitast við Kristján Ármannsson hugaði að þróun mála í upplýsingatæknigeiranum.

Búist er við frekari samþjöppun og uppkaupum upplýsingatæknifyrirtækja, en töluverðar hræringar hafa einkennt þann markað síðustu vikur. Skýrr og TM Software, sem áður hétu Tölvumyndir, kepptu um kaup á meirihluta í EJS, tölvufyrirtækinu gróna, en

þeim slag lauk með að Skýrr hafði betur. Saman eru fyrirtækin þá með því stærsta sem gerist á markaði hér, en Skýrr er aftur í eigu Kögunar, eignarhaldsfélags í upplýsingatækni sem einnig á um 80 prósent í Opnum kerfum Group. Fyrr í mánuðinum keypti svo Síminn fjórðungshlut í Kögun.

STAÐAN METIN

Þegar þessum hræringum lýkur og samrunaferli er að baki þykir lítt ákjósanlegur kostur fyrir meðalstór tölvufyrirtæki að standa ein eftir og þannig í erfiðari stöðu þegar kemur að samkeppni við þau stóru. Núna er Kögun með stærstan skerf af geiranum hér, en helstu keppinautarnir eru Nýherji og svo TM Software, sem á nokkuð mörg upplýsingatæknifyrirtæki, sýnu mest í hugbúnaði, en

einnig fyrirtæki á borð við Skyggni sem sér um rekstur tölvukerfa og útvistun. Hér áður fyrr hefði Tæknival einnig verið talið einn af lykilþáttakendum á þessum markaði, en síðustu ár hefur þar á bæ átt sér stað nokkur uppstokkun og seglin dregin saman þannig að fyrirtækið einbeitt sér að tölvuþjónustu án hýsingar og vélbúnaðarsölu. Þá er á þessum markaði aragrúi smærri fyrirtækja, en nýjustu tölur frá Samtökum iðnaðarins segja þau vera 426 talsins.

Núna bíða menn átekta í geiranum og velta fyrir sér hvaða breytingar kaup Símans í Kögun muni hafa í för með sér og eins hvað TM Software ætli að gera, hvort þar á bæ verði leitað annarra fjárfestingakosta í fyrirtækjum sem hafi vélbúnað til sölu. Er þar horft bæði til Tæknivals, sem býður fyrirtækjum tölvuþjónustu og er með samning við tölvuframleiðandann Fujitsu-Siemens og eins til Tölvulistans, sem rekur verslanir með tölvuvörur og hefur verið í örur vexti undanfarin ár. Þá er ekki talið útilokað, þó þar sé ekkert sem hönd á festir, einhvers konar samruni eða samstarfi við Nýherja, sem er í samstarfi við IBM og býður nú þegar alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni.

Kaupverðið á 58,7 prósentunum í EJS hefur ekki fengist gefið upp, en það var sagt trúnaðarmál. Fyrirtækið hafði hins vegar verið til sölu í töluverðan tíma og herma



FRÍÐRIK SIGURÐSSON OG HREINN JAKOBSSON
Friðrik er forstjóri TM Software og Hreinn er forstjóri Skýrr. Fyrirtækin slógust um að kaupa EJS fyrr í mánuðinum og hafði Skýrr betur í þeim slag.

óstaðfestar fregnir að verðið hafi verið um 2,6 milljarðar króna. Vangaveltur eru þó um að meira hafi verið gefið fyrir fyrirtækið vegna slags Skýrr og TM Software um það. Í þeim slag er sagt hafa ráðið nokkru hýsingarsamningur EJS við ríkið tengdum búnaði sem Skýrr hannaði, en einnig aukin áhersla stærri fyrirtækjanna á að bjóða „heildstæða“ þjónustu, þar sem vélbúnaður væri hluta pakkans.

FREKARI SAMEINING

Slagur stóru tölvufyrirtækjanna hér hefur verið harður um árabíl og víglínur skýrt markaðar, bæði eftir vörumerkjum í vélbúnaði og sömuleiðis eftir því hvaða viðskipta-hugbúnaði fyrirtækin hafa verið að bjóða og hvers

ÚTFLUTNINGUR HUGBÚNAÐAR OG TÖLVUÞJÓNUSTU

Miðað við meðalgengi 2004

Ár	Milljónir króna
1995	687
1996	1.176
1997	1.556
1998	1.748
1999	2.113
2000	2.552
2001	2.360
2002	3.197
2003	3.379
2004	3.900

Heimild: Seðlabanki Íslands



MARKAÐURINN/ANTON BRINK



MARKAÐURINN/HARI

Samkeppni

er ekki fyrir endan á þeim enn. Það stækka í útlöndum. Óli

konar hýsingu. Svo virðist sem fyrirtækin horfi í auknum mæli til hagræðingar stærðarinnar og leitist við að bjóða þjónustu á sem flestum sviðum. Heyrist þeirri skoðun flaggað að tími uppgripa í upplýsingatæknigeiranum, þar sem fyrirtæki gátu í krafti nýstárlegra hugmynda og framtakssemi orðið sér úti um margvísleg tækifæri, sé að baki og hafi í raun lokið með 2000 bóluinni svokölluðu. Geirinn líkist nú hefðbundnari tegundum iðnaðar þar sem fremur er horft til hagkvæmni í rekstrinum og sömu lögmál gilda og í öðrum rekstri, frekar en áhersla fyrir tíma á að koma fyrstur fram með nýjungar. Af þessu leiðir að mörg fyrirtæki sem verið hafa í hugbúnaðarstarfsemi hafa verið sameinuð undir hattum stærri fyrirtækja í upplýsingatæknigeiranum. Velta menn því nú fyrir sér hver áframhaldandi þróun verði í þessu, hvort verða muni frekari sameining og þau þannig færast á færri hendur.

Núningspunktur stærri fyrirtækjanna eru svo helst á sviði þjónustu og hugbúnaðar fyrir rekstur fyrirtækja. Þar glíma til dæmis Skýrr með Oracle-kerfi sem bakhjarl, önnur Kögunarfyrirtæki og fyrirtæki TM Software með viðskiptahugbúnað Microsoft, og svo Nýherji með SAP-umsýslukerfið. Þá eru undir hattum Kögunarfyrirtækjanna og þá Símanis líka, TM Software og Nýherja saman komin öll stærstu hýsingarfyrirtæki lands-

ins, en það setur þau vélbúnaðarfyrirtæki sem bjóða tölvuþjónustu, en eru ekki með hýsingu í dálítinn bobba, því vandasamara getur verið að ákveða hverjum eigi að vinna með, þegar hýsingarfyrirtækin tengjast orðið öðrum vélbúnaðarfyrirtækjum.

VASKUR TIL VANDRÆÐA

Forstjórar stóru fyrirtækjanna í upplýsingatæknigeiranum fara varlega í yfirlýsingar um næstu skref. Friðrik Sigurðsson, forstjóri TM Software, segir þó ljóst að fyrirtækið stefni á frekari vöxt hér heima og á endanum á skráningu á markað þegar tilhlýðilegri stærð sé náð. Hann segir hug fyrirtækisins þó einkum vera í útlöndum, enda komi þaðan um 40 prósent af veltu samstæðunnar. „Við höfum það markmið að stækka félagið, það liggur fyrir. Við höfum líka það að markmiði að auka þjónustuframboð, meðal annars á vélbúnaði þó svo að fram að þessu hafi það ekki verið hluti af kjarnastarfsemi,“ segir hann og staðfestir að TM Software hafi gert tilboð í EJS með þetta í huga.

Þóroddur Sverrisson, forstjóri Nýherja, segir fyrirtækið ætla að halda sínu striki í samkeppninni hér. „Við höfum verið af færa okkur meira yfir í þjónustu og erum sjálfsagt með þriðjung af okkar tekjum frá henni,“ segir hann og segir engar sérstakar fyrirætlunir um samstarf við önnur fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði. „Svo erum við komnir mikið yfir í hugbúnað og ráðgjöf og erum með yfir 120 manna fyrirtæki í AppliCon og um 20 manns í stjórnunarráðgjöf ParX.“

Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr, segist bíða eftir að áreiðanleikakönnun á EJS ljúki áður en lokið verði við kaupin á fyrirtækinu í byrjun næsta mánaðar, en í framhaldinu verður kúrsinn markaður. Hann segist hins vegar binda vonir við að auka veltu í geiranum, sem hingað til hafi verið ríkisvæddur að nokkru leyti. „Ég hef sagt að velta í upplýsingatækniiðnaði ætti að vera yfir 200 milljarðar, í stað um 84 milljarða nú, vegna þess að megnið af þjónustunni á sér ennþá stað inni í tölvudeildum, bæði fyrirtækja og stofnana. Það er því ekki bara að við séum að keppa innbyrðis heldur sé ég fyrir mér að markaðurinn muni stækka,“ segir hann von-

góður um að þeim fyrirtækjum sem velja útivistun upplýsingastarfsmennar fjölgi. „Einkageirinn er að fara í þessa átt, en ríkið hefur því miður farið í hina og tölvudeildir hins opinbera eru að blása út. Það sama á við um bankana.“ Hreinn segir eina skýringuna á þessari þróun vera að finna í misbrestum í virðisaukaskattskerfinu. „Fyrir opinbera aðila kann að vera ódýrara að ráða til sín fólk en að kaupa þjónustuna. Stofnanir fá virðisaukaskatt ekki nema að hluta til endurgreiddan og bankarnir fá hann ekki endurgreiddan vegna þess að fjármálastarfsemi er ekki virðisaukaskattskyld.“ Þá bendir Hreinn á að fyrirtæki leitist jafnvel við að kaupa hugbúnað erlendis frá, á netinu, vegna þess að þá komist þau hjá því að greiða virðisaukaskatt. „Þetta höfum við bent á í langan tíma og höfum nú loks fengið jákvæðar undirtektir hjá stjórnvöldum og ég vonast til þess að menn taki sig nú á og klári þetta virðisaukaskattmál. Gangi það eftir þá standa menn loks jafnfætis í þessari samkeppni.“

SMÆÐIN STUNDUM KOSTUR

Gylfi Arnason, forstjóri Opinna kerfa Group, segist líta svo á að tölvugeirinn hér sé í nokkuð föstum skorðum og ólíklegt að mörg fyrirtæki séu tilbúin að færa sig á milli þjónustuaðila, hvort sem um er að ræða hugbúnað eða vélbúnað. „Það eru allir búnir að vera



Fjórir flokkar upplýsingatæknigeirans

Starfsemi í upplýsingatæknigeiranum er skipt í fjóra flokka, framleiðslu og svo þrjá flokka þjónustu. Undir framleiðsluhlutann fellur hvers konar vélbúnaður þar á meðal tölvur, tæki og efni á borð við strengi og leiðara. Þjónustuhlutinn er svo þrískiptur, en undir honum er heildverslun, svo sem sala á heimilistækjum, tölvum, skrifstofuvélum og búnaði, auk annars búnaðar og véla til nota í iðnaði, verslun eða siglingum; annar hluti er svo sala á síma- og fjarskiptabjónustu hvers konar; og sá þriðji hugbúnaðargerð og ráðgjöf, oft kallað hugbúnaðariðnaður, en þar undir fellur leiga á skrifstofuvélum og tölvum, ráðgjöf varðandi vélbúnað, ráðgjöf og sala á hugbúnaði og hugbúnaðargerð, gagnavinnsla, rekstur gagnabanka, viðhald og viðgerðir, auk annarrar tölvutengdrar starfsemi.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands velti upplýsingatæknimarkaðurinn hér árið 2004 um 84 milljörðum króna, þegar allt er talið, sala á vélbúnaði, tölvum og tengdum hlutum, hugbúnaðarþjónusta og fjarskipti. Við greiningu á upplýsingatæknigeiranum er notast við skiptingu sem viðgengst í Evrópusambandinu. Talað er um framleiðslu sem er óveruleg hér, en það er framleiðsla á tölvubúnaði. Velta í þeim hluta er talin nema um 1,8 milljörðum króna, en þar innan fellur samsetning tölvufyrirtækja á tölvum og sala, svo sem hluti af starfsemi Tölvulistans. Þá er heildsalan, en þar er sala á öllum vélbúnaði og tækjum talin nema 31,4 milljörðum króna; síma- og fjarskiptabjónusta velti 26 milljörðum króna; og loks hugbúnaðargerð og ráðgjöf sem velti 24,3 milljörðum króna.

með einhvern þjónustu- og endursöluaðila og ákveðin íhaldssemi mjög eðlileg því það myndast traust samband á milli. Þess vegna er ekki mikil færsla á milli aðila á mark-

aðnum þó alltaf sé það eitthvað,“ segir hann og telur að jafnvel þó svo að hið opinbera drægi úr sinni starfsemi í geiranum, eða skattalöggjöf yrði breytt þannig að meira yrði um útivistun og kaup á þjónustu upplýsingatæknifyrirtækja, fremur en að leggja áherslu á tölvudeildir þá yrðu ekki úr því nein uppgrip, því þar færu hlutirnir eftir svipuðum víglínunum. „Þetta verður ekki nýtt á markaðnum, en auðvitað er af og frá að vera að vinna á markaði þar sem samkeppnisstaða er svona skökk. Sumir kunnar líta á virðisaukaskattinn sem kostnað og aðrir ekki. Ef vaxandi áherla er á stærðarhagkvæmnina er slæmt ef skattalöggjöfin hvetur til minni eininga. Það eyðileggur tækifæri til hagræðingar og skaðar alla, ekki bara okkur sem vinnum á þessum markaði heldur neytendur líka.“

Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals, segir viðbúð að fyrirtæki horfi meira í kringum sig eftir samrunakostum eða samstarfi þegar jafnmikil hreyfing er á fyrirtækjamarkaði í upplýsingatækni og verið hefur. „Það vill enginn vera eftir einn úti á skeri, en um leið skapast tækifæri,“ segir hún og kveður hafa gengið vel í samstarfi við hin og þessi fyrirtæki. „Tæknival fer ekki aftur í að reyna að vera stærst og það er ekki markmið í sjálfu sér. Áhersla okkar er núna á fyrirtækjamarkaðinn og miðlægjar lausnir. Þar ætlum við okkur að vera best og getur bara verið betra að vera lítill og engin nauðsyn að sameinast öðrum.“



MARKAÐURINN/ANTON BRINK



MARKAÐURINN/ANTON BRINK

Invik hagnast vel

Sænska fjármálafyrirtækið Invik skilaði góðu uppgjöri fyrir fjórða ársfjórðung en TM er meðal stærstu hluthafa í félaginu með 4,5 prósentu hlut.

Hagnaður Inviks meira en tvöfaldaðist á milli ára og var um hálfur milljarður króna. Afkoma félagsins fyrir allt

árið 2005 nam því um 1,5 milljörðum króna sem er 61 prósentu aukning frá árinu 2004. Arðsemi eigin fjár var 12,9 prósent fyrir árið í heild.

Fjárfestar tóku þessum tíðindum vel og hækkaði gengi Inviks um sex prósent. Hefur það því hækkað um fimmtung frá áramótum.

- eþa



FLUGVÖLLURINN Í BÚDAPEST Singapúrsk stjórnvöld eru sögð reiðubúin til að aðstoða Ferrovial við að taka yfir BAA.

Singapúrstjórn gírnist BAA

Hlutabréf í flugvallarfyrirtækinu BAA hækkuðu um meira en fimm prósent þegar fréttist af því stjórnvöld í Singapúr og Caisse de Dépôt et Placement du Québec, kanadískur fjárfestingasjóður, hefðu rætt við spænska verktakafyrirtækið Ferrovial um samstarf við yfirtöku á BAA.

BAA rekur meðal annars Heathrow, Gatwick og Stanstead auk alþjóðaflugvallarins í Búdapest.

Frá byrjun febrúar hefur gengi BAA hækkað úr 640 pensum í 813 pens eða um 27 prósent. Yfirtakan er talin vera 1.650 milljarða virði auk skulda.

Yfirtökuáformin komu ansi mikið á óvart í Bretlandi, enda hefur BAA verið talið ósnertanlegt. Verði af yfirtöku þurfa Ferrovial og samstarfsaðilar líklega að greiða yfir 900 pens fyrir hlutinn.

- eþa



FÉLAGSMENN FYLGJAST MED FRUMMÆLUNDUM Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðiprófessor við HÍ, Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við HÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Aðalsteinn Leifsson, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík, héldu erindi á fundinum.



YFIRSKRIFT AÐALFUNDAR FÍS VAR „VERSLUN Á ÍSLANDI 2020“ Pétur Björnsson, formaður FIS, býður fundargesti velkomna á aðalfund Félags íslenskra stórkaupmanna sem haldinn var síðastliðinn föstudag.



STINGA SAMAN NEFJUM Á AÐALFUNDI FÍS Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði og formaður stjórnar Rannsóknaseturs um smáirki við HÍ, héldu bæði erindi á fundinum.



KONICA MINOLTA

Laserprentarar fyrir kröfuharða



Tilboðsverð: 12.900.-
Fullt verð: 15.900.-

PagePro 1400W fyrirferðalitill s/h hágæðaprentari - 16 bls/min.



Tilboðsverð: 39.900.-
Fullt verð: 49.900.-

Magicolor 2400W hágæðaprentari fyrir s/h og lit "Simitri" litflæði tryggir skerpu og þéttleika útprentunar.



Tilboðsverð: 48.900.-
Fulltverð: 58.900.-

Magicolor 2430DL hágæða net- og litaprentari með "PictBridge" beintengingu fyrir ljósmyndaprentun.



Fyrir stærri notendur Magicolor 5450D

Öflugur hágæðalitaprentari með PhotoArt gæðum, prentar báðum megin á A4.

Prismalaser Technology



UMFANG
TÆKNIBÚNAÐUR

UMFANG-TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is

Cisco Systems verðlaunar Sensa

Sensa ehf. hlaut um mánaðamótin verðlaun frá Cisco Systems fyrir besta árangur samstarfsaðila í ánægjukönnun meðal viðskiptavina, annað árið í röð. Cisco Systems gerir slíkar kannanir árlega meðal þeirra fyrirtækja sem nýta sér búnað og tækni frá fyrirtækinu.

Ánægjukönnunin mælir getu samstarfsaðilans til að uppfylla óskir viðskiptavinnanna um þekkingu og miðlun á henni, hönnun, ásamt innleiðingu og þjónustu á IP-kerfum. Verðlaunin eru veitt þeim samstarfsaðila Cisco Systems sem fær hæstu einkunn meðal viðskiptavina á Íslandi og í

Noregi. Þetta er í þriðja skipti sem Sensa hlýtur viðurkenningu frá Cisco Systems, en árið 2005 var fyrirtækið útnefnt „Commercial Partner of the Year“ í Norður-Evrópu.

Valgerður Hrunn Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa, segir viðurkenninguna afar hvetjandi. „Ánægðir viðskiptavinir eru mikilvæg vísending um að Sensa og Cisco finni í sameiningu lausnir sem henta hverjum og einum. Það er því mikill heiður að viðskiptavinir okkar skuli telja árangur okkar svo góðan að við fáum hæstu einkunn í slíkri könnun.“

Áberandi öryggi

Það er stíll yfir því að vera staðlaður EN 471 staðall um sýnileika



DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími: 588 5080 www.dynjandi.is

• Linsur • Gleraugu • Sólgleraugu • Linsuvökvar • Hreinsivökvar • Klútar

GOTT FOLK McCANN · 30551

sjáðu betur!

Nýjar gleraugnaverslanir hafa opnað
í nýrri verslun Lyf & heilsu yfir gjánni Hamraborg
og í JL-húsinu við Hringbraut.

Frábær opnunartilboð!



augastaður

færir þér nýja sýn!



Lyf & heilsa

Hamraborg og JL-húsinu

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Margt er hægt að laga í umhverfi tæknifyrirtækja.

Sóknarfæri í tækni ef rétt er á haldið

Hafliði Helgason

Upplýsingatæknin er ein af lykilvinnugreinum þeirra þjóða sem ætla að gera sig gildandi í framtíðinni. Á Íslandi hefur tekist að byggja upp öflug fyrirtæki sem búa yfir mikilli þekkingu í greininni.

Á háttíðarstundum er gjarnan talað fjálglega um mikilvægi tækni- og þekkingarfyrirtækja og útmálað mikilvægi þeirra fyrir efnahagslega stöðu í framtíðinni.

Þrátt fyrir þetta búa þessi fyrirtæki við skerta möguleika á sínum markaði. Það hefur um langt skeið verið eitt helsta umkvörtunarefni hugbúnaðarfyrirtækja að þau búa við skerta samkeppnisstöðu á markaði. Þessi skerta samkeppnisstaða liggur í því að innan stórra fyrirtækja og stofnana ríkisins starfa stórar tölvudeildir við hugbúnaðargerð. Þessar deildir þurfa ekki að standa skil á virðisaukaskatti sem hugbúnaðarfyrirtæki þurfa að gera. Bankar og ríkisfyrirtæki þurfa ekki að greiða virðisaukaskatt af sinni starfsemi. Það leiðir til þess að það er hagkvæmara fyrir þessi fyrirtæki og stofnanir að reka eigin tölvudeildir. Væri ekki svo má leiða að því sterk rök að þessi fyrirtæki og stofnanir myndu kaupa þjónustuna af sérhæfðum hugbúnaðarfyrirtækjum.

Þessi staða hefur margvíslegar afleiðingar. Rekstur bankanna hefur gengið með eindæmum vel og laun í fjármálagæiranum eru há. Það leiðir til þess að hugbúnaðarfyrirtækin tapa ekki einungis viðskiptum í þessari stöðu, heldur eiga í verulegum erfiðleikum við að keppa við bankana um besta vinnuaflið.

Fyrirsjáanlegt er að á næstu miss-erum mun verða mikil gerjun meðal tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja. Allt stefnir í að einingum fækki og þær verði öflugri. Í því felast tækifæri til að sækja enn frekar fram á alþjóðavettvangi. Lykillinn að árangri í útrásinni hefur verið sterkur heimamarkaður. Með því að skerða samkeppnisstöðu fyrirtækjanna er verið að veikja möguleika á öflugri útrás.

Annad sem er bein hindrun í erlendri sókn er að gagnasamband Íslands við umheiminn er ótraust. Nýr ljósleiðari frá landinu er nauðsyn og sennilega einhver besta fjárfesting sem hið opinbera getur ráðist í um þessar mundir. Bæði styrkir hún samkeppnisstöðu okkar til framtíðar og ekki síður að slík fjárfesting hefur lítil sem engin áhrif á innlent hagkerfi. Það ætti því ekkert að vera því til fyrirtöðu að ráðast í lögn annars strengs og opna þannig fyrir ný tækifæri í íslenskum þekkingariðnaði.

Það er ekki heppilegt að ríkið sé með mikla starfsemi í samkeppnisgrein eins og hugbúnaðargerð. Til lengdar skilar það ríkinu miklu meiru að láta einkaaðilum eftir hugbúnaðargerð. Ríkið hefur hins vegar verk að vinna til þess að skapa fyrirtækjum eðlileg starfsskilyrði og tækifæri til sóknar. Að því eiga menn að einbeita sér og hefjast handa nú þegar.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Ætlar þú að grípa tækifærið?

„...á námskeiðinu fékk ég svörin og ábendingarnar sem mig vantaði.“
Fylkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur.
„Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður.“
Ester Ýr Jónsdóttir, kennari.

Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, skemmtilegt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrar skólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, markvissari upplýsingaöflun og fleiri klukkustundir gætu opnað þér og þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma 586-9400, sendu póst á jovvi@h.is eða kaktu á <http://www.h.is>



Þróun á hlutverki stjórnandans

ORD Í BELG

Matilda Gregersdóttir
Markþjálfari og ráðgjafi hjá Leiðtoga ehf.



Jú, meðal annars með því að tala um framtíðina, um framtíðarsýn og tilgang. Leiða stefnumótun og gera áætlanir.

Núorðið er að bætast við hlutverk fyrir þá sem hafa áhuga á að stökkbreyta árangri og afköstum fyrirtækja. Þetta nýja hlutverk stjórnenda er erfiðara en áður. Þörf er á sjálfbekkingu, sjálfs-trausti og mikilli þekkingu á hegðun annarra. Nýtt orð fyrir þetta nýja hlutverk er „Markþjálfun“ (enska: Coaching). Stjórnendur sem hafa sjónarmið markþjálfarans að leiðarljósi við vinnu sína hafa það að markmiði að losa um frumkvæði og framtaksemi einstaklinga, samkvæmt skilgreiningu Lindvall (2005). Þetta hugtak, markþjálfun, kemur úr íþróttum. Þar er eðlilegt að þjálfarinn vilji að sá sem er í þjálfun fari fram úr björtustu vonum.

Þjálfara finnst það ekki ógnun við sig. Þetta er allt þjálfunaratriði. Það er hægt að tileinka sér þetta hugarfar sem stjórnandi og bæta þessari tækni inn hjá sér. Hvernig get ég sem stjórnandi fundið öryggi til að þróa öðra?

Áherslan færast frá því að ná sem mestu út úr hverjum og einum starfsmanni til þess að huga að því hvernig eigi að styðja þessa einstaklinga til að vaxa og dafna og þróast fram úr öllum vonum á meðan hann er í starfi hjá viðkomandi. Því ef ég sem starfsmaður finn að ég fæ að vaxa og þróast, þá hef ég áhuga, vil meira og afkasta meiru. Rannsóknir og dæmisögur sýna framúrskarandi árangur þar sem sjónarmið markþjálfarans er notað hjá stjórnendum.

Hvað einkennir stjórnendur sem nýta sjónarmið markþjálfarans? (Lindvall 2005)

- Að vera styðjandi, hvetjandi og einfalda samstarfsmönnum að öðlast sjálfsþekkingu, finna leiðir og ná árangri.
- Opin umræða sem stöðugt leitar skilvirkustu leiðar. Gagnrýnin hugsun um hlutverkaskiptin sem eru notuð og leyfð.
- Að leyfa samstarfsmönnum sjálfum að taka ábyrgð á eigin þróun og frammistöðu gegnum samtöl sem styðja og draga fram þeirra eigin langanir og leiðir.
- Nota óvenju opin samtalsform til að skiptast á sjónarmiðum, koma með tillögur þar sem flestir af þátttakendum taka virkan þátt eða eru virkir.
- Milli tveggja aðila eða í hóp er markþjálfun notuð til að skapa afkastamið hnitmiðað samhengi.
- Nota tímann í þróun annarra. Sjónarmið markþjálfarans stuðlar að stuðningi við breytingar og þróun sem er undirstaða eðlilegs og afkastamikils flæðis þar sem sköpun og þátttaka eru í beinum tengslum við árangur.

Óskir og langanir frá starfsmönnum nú til dags, eru meiri og aðrar en fyrir nokkrum árum. Stjórnandi sem vill ná árangri þarf að líta í eigin barm þar sem lausnir og verkfæri til að ná framúrskarandi árangri liggja. Vanþekking stjórnandans og hefð fyrir stýringu og harðri stjórn, stendur í vegi fyrir þessum nýja stjórnandastíl sem margir af þekktustu stjórnendum tala um.

Til að öðlast þessi nýju sjónarmið markþjálfarans þarf að læra að þekka sjálfan sig og eigin hegðun. Eigin hegðun er leiðin til skilnings og þekkingar á hvatningu og þróun annarra. Þetta nýja hlutverk stjórnandans bætist við hin sem fyrir eru og einfaldar hin tvö hlutverk sem þarf þá að leggja minni áherslu á.

Hægt er að kynnast markþjálfun hjá Leiðtoga ehf. Leiðtogi býður styttri námskeið og einnig menntun í markþjálfun sem er alþjóðlega vottuð frá ICF (International Coach Federation).

STJÓRNANDI

STJÓRNANDI

LEIÐTOGI

STJÓRNANDI

MARKÞJÁLFA

LEIÐTOGI

UM VÍÐA VERÖLD

Hafa ekki efni á eftirlaunum

The Economist | The Economist sér stórkostlegar breytingar á vinnumarkaði í kortunum; eftirlaun í núverandi mynd heyrir brátt sögunni til. Rétt eins og engin kippir sér lengur upp við það að konur gegni launuðum

störfum komi það ekki til með að þykja tiltökumál að sjá fólk vinna á gamals aldri. Vestraen ríki hafi einfaldlega ekki lengur efni á því að halda svo stórum hluta vinnuafllins utan markaðarins; Japanar geri ráð fyrir að vinnuafllinn dragist saman um sextán prósent næstu tuttugu og fimm ár og stjórnvöld í Evrópu gera ráð fyrir um fjórðungsfækkun. Blaðið bendir á að Bismarck Þýskalandskeisari hafi fyrstur manna boðið þegnum sínum eftirlaun upp úr 1880. Þá hafi verið miðað við sjötíu ára aldurinn. Nú sé hins vegar oftast miðað við sextíu og fimm ár, og lífslíkur þess utan tæplega tuttugu árum meiri.

Google og kommúnistarnir

The Observer | Julie Mayer fjallar um Kínaævintýri Google í The Observer. Google hefur legið undir ámæli eftir að fréttir bárust af því að fyrirtækið hefði leyft kínverskum stjórnvöldum að ritskóða niðurstöður á kínverskri útgáfu leitarvélanna. Síðan hefur ýmislegt gengið á og hlutabréf í Google

fallið um fjórðung á mörkuðum. Google hefur alla tíð þótt til fyrirmyndir er kemur að viðskiptasiðferði og lengi haft mottóið „Þér skulið ekkert illt gjöra“ í síðareglum fyrirtækisins. Mayer segir Google þó ekki endilega hafa brotið þessa heilögu reglu, í mesta lagi sveigt hana. Fyrirtækið hafi einfaldlega talið mikilvægt að ná til kínverskra viðskiptavina sinna og verið reiðubúið að færa fórnir til þess. Gagnrýnendur Google hafi líka klárlega ofmetið fyrirtækið; Google eitt og sér geti lítil áhrif haft á stjórnarfarir í Kína. Það geti Kínverjar sjálfir hins vegar gert og þeir muni sjá til þess að tjáningarfrelsið standi uppi sem sigurvegari að lokum.

Slysum í byggingariðnaði fjölga hér á landi

Fyrir stuttu varð alvarlegt slyshjá fyrirtæki einu í byggingariðnaði. Starfsmaður féll nokkra metra niður við vinnu sína við mótauppslátt. Starfsmaðurinn er illa slasaður, mikið beinbrotinn og með höfuðáverka. Ljóst er að hann mun ekki geta starfað við fagstarf í náinni framtíð og jafnvel mun hann aldrei ná sér að fullu.

Því miður eru mörg dæmi um slyshjá starfsmönnum í byggingariðnaði og þeim fjölgað mest hérlandis á Norðurlöndum árin 1992-2001. Reyndar eru vinnuslysi í byggingariðnaði flest í Finnlandi en áhyggjur okkar eru fyrst og fremst sú þróun sem verið hefur undanfarin ár hérlandis. Hættur eru margar og

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

oft þarf lítið til svo óhapp verði. Breytingar á vinnuumhverfinu eru örur og aðstæður mjög mismunandi, eftir byggingastigi

og ekki síst spilar veðráttu stóran þátt. Í norrænni skýrslu um slysi í þessum geira er talið að stór hluti eða allt að þriðjungur verði rakinn til tímápressu og samskiptaleysis milli verktaka á sama vinnustað.

Því miður er öryggi á mörgum byggingastöðum mjög ábótavant hér á landi þó það hafi batnað síðustu ár. Ýmsir aðilar hafa unnið mikið starf til að tryggja öryggi á byggingastöðum. Má nefna Samið, Samtök iðnaðarins, Vinnueftirlitið og fleiri aðila.

Hvetja verður stjórnendur verktakafyrirtækja í byggingariðnaði til að skoða þessi mál hjá

sér. Nokkur atriði sem skoða þarf: (nánar á sjova.is)

- Er hlífðarbúnaður starfsmanna til staðar, s.s. hjálmar, heyrnarskjól, skóbúnaður o.fl.?
- Hafa vinnupallar, öryggi þeirra og uppsetning, verið skoðaðir?
- eru umferðarleiðir um vinnusvæði greiðar?
- eru fallvarnir s.s. grindverk o.fl. í lagi? Mörg tjón hafa orðið vegna lélegra fallvarna.
- eru geynslur rétt búnar m.t.t. umgengni, innbrotavarna o.fl.?
- eru góðar hlífur á tækjabúnaði og leiðslum?
- Hafa starfsmenn verið upplýstir um vinnureglur og forvarnir?

Hverju slysi í byggingastað fylgja margskonar afleiðingar. Efst á

blaði er þjáningin og afleiðingar fyrir þann einstakling sem slasast. En hagar fyrirtækisins er ekki síður mikill, því afleiðingar geta verið vinnutöf og kostnaður beinn og óbeinn sem af hlýst auk þess sem styrk öryggisstefna breytir hugarfari starfsmanna, ekki bara á vinnustað heldur líka utan við hann og það leiðir af sér færri fjarverustundir. Forráðamenn á byggingasvæðum er því hvattir til að vera með samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála, hafa öryggis- og heilbrigðisáætlun til staðar og ekki síst öryggis- og heilbrigðis-handbók sem ætíð sé aðgengileg á vinnustað.

Einar Guðmundsson
forvarnarfulltrúi Sjóvá

SPÁKAUPMAÐURINN

Rándýr rýmingarsala

Það er dældið gaman að fylgjast með látunum hérna heima þessa dagana. FL Group er greinilega að leggja upp í sama leiðangur og Bjöggarnir um árið. Selja allt sem ekki er naglfast svo að fjárfestingalöftbelgurinn geti svisfið herra og herra,

Kynnisferðir fara sjálfsagt að seljast og maður hefur heyrt að þeir vilji fá 1,2 milljarða fyrir rúturnar. Magnús Kristins er á kafi í bílaleiknum og Engeyingar komnir með Essó. Danól er komið í söluferli og eflaust fullt af öðrum fyrirtækjum. Bankarnir fá fínar þóknarir og nýir peningar streyma inn á markaðinn og leita tækifæra, bæði á innlenda markaðnum og í útlöndum.

Verðmiðarnir eru orðnir ansi hreint háir á þessum fyrirtækjum. Sérstaklega þeim sem eru háð innlendri hagsveiflu. Það gengur vel þessa dagana, en ég man verri tíma. Íslendingar eru sveiflukennð þjóð og annað hvort ofurbjartsýn eða skelfilega svartsýn. Það þýðir því ekkert að mæla sig við eyðsluna í dag þegar menn eru að framreikna. Vaxtarmöguleikarnir innanlands eru takmarkaðir við þá munna og bíla sem hér er hægt að metta.

Þar fyrir utan hef ég aldrei skilið þessa áratú að kaupa fyrirtæki dýrum dómum og dæma sig með því til margra ára þrælunar. Það er nefnilega hörkuvinna að halda skuldsettu fyrirtæki gangandi.

Þess vegna tylli ég mér rólegur á hliðina með þeim sem eru að selja og taka þóknarir af þessari nýjustu tísku sem er að kaupa fyrirtæki dýrum dómum.

Ég ætla að halda áfram að teika Hannes og bankana á næstunni. Maður var rétt búinn að létta á erlendu stöðunni og fjármagna sig meira innanlands þegar krónan féll í kjölfar skýrslu Fitch. Stundum veit maður ekki hvort maður er heppinn eða bara svona ógeðslega klár. Ég hallast að því síðarnefnda, enda þótt hitt hafi stundum áhrif.

Alla vega þá býst ég við smá svartsýnskasti í bili, en svo taka allir gleði sína á ný. Þeir sem selja og taka þóknarir græða sem aldrei fyrr og ég með þeim. Svartsýnskastið verður skammvinnu og eins og oft áður gerir maður góð kaup þegar allir eru í fýlu.

Þannig verð ég frjálfs, Ekki fastur í neti skuldsettrar yfirtöku á fyrirtæki, þar sem maður þarf að velja hverri krónu og vera að eiga við misgóða starfsmenn. Oj bara. Nei, að vera klár fjárfestir er málið. Þá er maður herra sjálfs sín í tíma og rúmi. Aðallega í rúmi.

1928
VERSLUN • VÖRUHÚS

www.1928.is

SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN ÚR GEGNHEILUM KIRSUBERJAVIÐ

ÚTSALAN ENN Í FULLUM GANGI

10-70% AFSLÁTTUR "

LÁGT VERÐ

NÝTT KORTATÍMABIL

10%
afsl. af kirsu-
berjahúsgögnum
frá auglýstu
verði.

Veggkertastjaki
kr 2.500

**Hornsófaborð m/
hillu og skúffu**
60x60x47cm
verð 15.000

Sófaborð m/ hillu og skúffu
1200x600x470 cm
verð 24.000

Funkistóll
verð 29.900
Nú 19.900

Skammel 5.900

Sporöskjulaga borð
m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
verð 12.900

Glerskápur
47x5x35,5x190cm
verð 29.000

**Bókaskápur m/
skúffu**
80x39x187cm
verð 39.000

**Sófaborð m/blaðahillu
og skúffu**
81x43x55cm
verð 13.900

Kommóða
52,5x36x95cm
verð 29.000

Náttborð m/skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
verð 19.700

Náttborð
40x38x64cm
verð 15.700

Kommóða
89x42x90cm
verð 39.000

Náttborð
34x30x76cm
verð 15.000

**Hálfmáni m/
lyklaskúffu og hillu**
83,5x35x76cm
verð 15.900

Kollur/blómaborð
36x30x46,5cm
verð 6.900

Innskotsborð 3 saman
L 52x45x51cm
M 39x39x47cm
S 27x33,5x43cm
verð 17.000

43x49x88,5cm
verð 12.500

80x99x55cm
verð 11.500

94,5x61x18cm
verð 16.900

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Opnun • 10-18 mánudaga til laugardaga og 13-16 sunnudaga

AURASÁLIN

Ál í Kauphöllina

Eins og margoft hefur komið fram í þessum pistlum Aurasálarinnar er hún orðin langþreytt á þeim pappírshagnaði sem verðbréfadrengir þessa lands dásama svo mjög. Það er sama hvað hver segir – ekki er hægt að éta excel skjöl og ekki er hægt að breyta fimmtúkalli í hundrað kall með því einu að snúa honum í hringi. Hin raunverulegu verðmæti felast ekki í verðbréfum heldur áþreifanlegum afrakstri heiðarlegrar vinnu.

Það er því furðulegt að þjóðin hafi ekki meiri áhyggjur en raun ber vitni af stöðu sjávarútvegsins hér á landi. Hann hefur alveg fallið í skuggann af verðbréfadýrkuninni í Reykjavík. Lífskjör Íslendinga þurfa fleiri undirstöður en sjávarútveginn og þá kemur ekkert annað til greina en álið.

Til eru þeir sem halda að tölvuleikur á Netinu séu iðnaður sem skilað geti þjóðfélagslegum arði. Þetta er rangt. Hver heilvita maður hlýtur að sjá það í hendi sér að ekkert verður til við það að þúsundir manna sitji fyrir framan nettengda tölvuskjá og höggvi hver annan í spað með ímynduðum geislasverðum. Eða heldur einhver að hægt sé að skapa verðmæti með því að forrita tölvur? Hvenær var síðast gerð tilraun til þess að borða forritunarkóða – eða byggja vindhelt hús úr tölvuforriti?

Hins vegar er álið til marges nytsamlegt þótt tæpast sé það ætt. Það má byggja hús, bíla, flugvélar og kókdósir úr áli og það hlýtur að vera framtíð í því að pakka íslenskum fiski í álumbúðir og senda til útlanda á álskipum til að selja þar á mörkuðum í skiptum fyrir vín og ávexti og annan munad sem ekki er auðvelt að rækta hér á landi.

Válgerður Sverrisdóttir veit sínu viti og skilur að mikið liggur við að henda tölvu- og fjármála-fyrirtækjum úr landi. Þetta er ekki aðeins vegna þeirrar verðmætasóunar sem fer fram í slíkum fyrirtækjum heldur ekki síður fyrir þá síðspillingu sem fylgir. Þegar menn hætta að svitna í vinnunni þá er stutt í að þeir leggja leti og ómennsku. Þetta vita Válgerður og Halldór Álrímsson.

Hlutabréfamaðurinn á Íslandi er hlægilegur. Aðeins örfá fyrirtæki framleiða raunverulegar og áþreifanlegar vörur og eru fyrir vikið höfð að háði og spotti. Hér er þörf á hugarfarsbreytingu og að ríkisstjórnin styðji við þá breytingu í reglum Kauphallarinnar að þar verði einungis skráð fyrirtæki sem framleiða vörur sem hægt er að festa hendur á. Þannig, og aðeins þannig, verður samfélagið okkar heilbriggt á ný.

Viðskipti á landamærum kristni og íslam

Jónas Tryggvason stýrir nú markaðssókn Actavis á stóru svæði þar sem ólíkir menningarheimar mætast. Hann hefur búið í Moskvu að undanförunu, þar sem hann stundaði nám á tímum kalda stríðsins. *Haflíði Helgason* ræddi við hann um sókn Actavis, val á stjórnendum og viðskipti í austurheimi.

Jónas Tryggvason fylgdi ekki straumnum þegar hann ákvað að fara í háskólanám til Moskvu að loknu stúdentsprófi. „Áhugi minn á fimleikum dró mig þangað, en fimleikar voru líf mitt og yndi og ég stefndi að því að sinna þeim í framtíðinni.“

Lífið tekur oft sína stefnu og Jónas stýrir nú öllu markaðs- og sölustarfi í Mið- og Austur-Evrópu ásamt Asíu. Reyndar á Íslandi líka.

Hann kom fyrst til starfa hjá Actavis fyrir tveimur og hálfu ári og stýrði viðskiptaþróun í Búlgaríu. Þaðan lá leiðin til Moskvu og Austur-Evrópa varð starfsvæðið. Nú telur það svæði sem Jónas ber ábyrgð á 34 lönd. „Þetta eru ótrúlega ólíkir menningarheimar, Við erum á markalínu kristni og íslam. Það þarf skilning á menningunni til þess að spila þetta rétt.“

HEIMAFÓLKID SKILUR BETUR
Samskipti Jónasar eru við undirmenn af ýmsu þjóðerni. „Við erum yfirleitt með heimamenn við stjórnvöllinn. Ég var sá eini utanaðkomandi í Rússlandi. Við reynum að velja rétta fólk á þeim stöðum sem við vinnum og reynum að treysta því.“

Jónas segist hafa séð dæmi um ýmsar leiðir sem fyrirtæki hafi farið í vali á stjórnendum. Sum hafi valið að vera með stjórnunarteymi sem einungis var skipað útendingum. „Þá myndast veggur á milli yfirstjórnar og annarrar starfsemi, þar sem menn eru með varðhund á staðnum. Stundum þarf að gera hlutina þannig, sérstaklega þegar verkefnið er að snúa við rekstri og þegar menn eru að byrja. Síðan þurfa menn að hafa þá viðsýni að velja stjórnendur af svæðinu.“ Hann segir reynsluna þá að heimafólkið vinni oft betur og hafi meiri skilning á viðskiptaumhverfinu.

Jónas segir að hann hafi ekki orðið fyrir neinu sjokki þegar hann hóf störf í Búlgaríu. „Ég þekkti þennan heim nokkuð vel. Hafði verið lengi við nám í Rússlandi og Búlgaría var stundum kölluð sextánda lýðveldið í Sovétríkjunum. Ég hafði líka unnið fyrir SÍF, meðal annars í Austur-Rússlandi.“ Hann var einnig við störf í Bandaríkjunum í sex ár. „Ég var í olíuviðskiptum aðallega og átti mikið viðskipti við Rússa, meðal annars við Yukos.“

Mér leikur forvitni á hvað einkenni Rússana í viðskiptum. „Þeir eru lokaðri í fyrstu umferð. Treysta engum. Svo byggist upp traust og þá er maður í forgangi næstum því til eilíðar. Það er



JÓNAS TRYGGVASON Stýrir öflugri markaðssókn Actavis í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu. Þar tekst hann á við ólíka menningarheima og markaðsaðstæður.

erfitt að komast inn, en síðan er auðvelt að vinna með þeim og milljóna viðskipti leysast með einu símtali. Síðan er gengið frá pappírnum seinna.“

UNGA FÓLKID TEKUR ÁBYRGÐ

Hann segir að þetta gildi þó ekki þegar þarf að fá leyfi og vottorð hjá því opinbera. Þá ræðurskriffræðið r í k j u m . „Þetta mikla skriffræði á rætur frá því fyrir sósíalísmann.“ Hann segir að sósíalísminn eigi hins vegar sök á því að menn séu tregir til að taka frumkvæði og ábyrgð. „Þess vegna ráðum við ungt fólk þar sem ekki er inngróin sú hugsun að gera ekkert fyrr en skipun kemur að ofan. Maður gerir þeim grein fyrir verkefnum og ábyrgð og þetta fólk hefur reynst okkur vel.“ Hann segir hefð fyrir því að refsar fyrir mistök. „Við getum ekki leyft okkur

að hugsa á þennan hátt. Við leitum að fólk sem tekur frumkvæði og ábyrgð og ef við ætlum að byggja á því, þá verðum við að þola mistök.“

Stefnan í fyrirtækinu er skýr og einföld og stjórnendurnir fylgja henni fast eftir. Actavis náði miklu flugi á markaði og stoppaði síðan. Væntingarnar fóru fram úr sér á tímabili. „Innan fyrirtækisins hafa menn alltaf

vitað hvert þeir eru að stefna og við höfum náð þeim markmiðum sem við höfum sett okkur.“ Hann segir gríðarleg tækifæri í sölu samheitalyfja í Austur-Evrópu. Markaðurinn sé gjörólíkur þeim vestræna. „Ástæðan er sú að kaupgetan er minni og því gera menn ekki kröfu um nýjustu lyfin. Menn líta á allt sem lyf og gera ekki sama greinarmun á frumlyfjum og samheitalyfjum og gerður er á Vesturlöndum. Þetta skapar okkur mikil tækifæri þar sem við höfum breitt úrval lyfja og ef við setjum þau á réttan hátt inn á markaðinn, þá liggja þar mikið tækifæri.“ Árangurinn hefur verið góður og mikill vöxtur í sölnunni. Jónas segir ljóst að samkeppni í ódýrari lyfjum muni harðna og því sé mikilvægt, samfara vaxandi kaupmætti, að setja dýrari og flóknari lyf inn á þessa markaði. „Við erum með mikið af nýjum hjartalífjum og geðlyfjum sem hafa ekki verið á þessum markaði. Þessi lyf eru dýrari og sérhæfðari.“

RÚSSLAND TVEGGJA TÍMA

Gríðarlegur uppgangur hefur verið í Rússlandi að undanförunu. „Bæði vegna þeirrar festu sem hefur ríkt og svo hefur hátt olíuverð skipt miklu. Það að Rússland sé að verða skuldlaust ríki í lok þessa árs er ótrúlegt, þegar maður hugsar til þess að fyrir sex árum gátu þeir ekki staðið við skuldir sínar.“

Jónas hélt til Moskvu 1979. „Ég kom til Moskvu á afmælinu mínu og ég áttaði mig á því síðar, þegar ég fór að lesa stjórnfræði að þegar ég lenti, þá sátu menn á fundum í Kremli og skipulögðu innrásina í Afganistan.“ Þá var Brésnev enn við völd og mikið vatn runnið til sjávar. Jónas þekkir því Rússland tvennra tíma, ef ekki fleiri. Á Vesturlöndum hefur mikið verið rætt um mafustarfsemi og spillingu. Jónas segir að á tímabili hafi ríkt óöld í landinu. „Spilling verður alltaf í Asíu, það liggur í hefðinni og Rússland er á mörkuðum Asíu og Evrópu. Hins vegar var ástandið orðið þannig að þeim ofbauð sjálfum.“ Hann segir verulegan árangur hafa náðst í að draga úr spillingu og mafustarfeimi. Ástandið sé orðið nokkuð gott.

Svæðið sem Jónas ber ábyrgð á er stórt og við þá stækkun er minni ástæða til að búa í Moskvu en var meðan Austur-Evrópa var miðpunkturinn. Nú krefst starfið ferðalaga frá Íslandi til Kína. Börnin voru fljót að ná rússneskunnunni og dóttirin erfir fimleikaáhugann og æfir á rússneska vísu, sex klukkutíma á dag. Sonurinn æfir skák sem er önnur grein þar sem Rússar hafa löngum haft mikla yfirburði. „Það er ákveðinn þrýstingur á að flytja heim,“ segir Jónas. „Þeim finnst alveg af og frá að búa í Moskvu í þrjátíu gráðu frosti og ég er ekki heima nema kannski fimm daga í mánuði.“

HÁDEGISVERÐURINN

Með Jónasi Tryggvasyni

frankvæmdastjóra hjá Actavis

Hádegisverður fyrir tvo í Perlunni

Hádegishlaðborð, villisveppasúpa með salatbar og brauði.

Drykkir

Egils appelsín

Alls krónur 2.040



Það að Rússland sé að verða skuldlaust ríki í lok þessa árs er ótrúlegt, þegar maður hugsar til þess að fyrir sex árum gátu þeir ekki staðið við skuldir sínar.

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Dáist að afrekum íslenskra fjármálafyrirtækja

Hagkerfi Þýskalands, staða bankakerfisins þar og öryggismál banka voru meðal þess sem Manfred Weber, framkvæmdastjóri þýsku bankasamtakanna (Bundesverbanden deutschen Banken) ræddi í erindi sínu á fundi sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja stóðu fyrir á Akureyri skömmu fyrir helgi.

Manfred Weber fjallaði um bága stöðu þýska hagkerfisins og sýndi tölur um arðsemi þýskra banka langt frá því sem íslenskir bandar eiga að venjast. „Hér er þó ekki hægt að kenna um lágri greindarvísitölu bankamanna í Þýskalandi,“ gantadist hann, en bætti svo við að ástæðan væri röng hagstjórn. Þar vísaði Weber sérstaklega til áraanna í kringum 1990 þegar Þýskaland var þegar farið inn í mikla niðursveiflu, en á sama tíma hafi stjórnvöld skuldbundið sig til mikilla framlaga til félagslega kerfisins. „Fyrst nú, 15 árum síðar, eru merki um að reyna eigi að vinda ofan af þessu,“ sagði hann og vísar þar til áætlaða nýrrar ríkisstjórnar í Þýskalandi, en taldi um leið að umbætur myndu taka sinn tíma.

Weber ræddi mikla lagskiptingu þýska fjármálageirans og verndina sem sparissjóðakerfið þar nýtur. „Þannig geta sparissjóðir keypt banka, og gera það, meðan bankarnir mega ekki kaupa sparissjóði. Þarna er um algjört einstefnuskipulag að ræða,“ sagði hann og skýrði hvernig völd sparissjóða í Þýskalandi hefðu meðal annars byggst upp á þéttum tengslum við stjórnmalamenn einstakra héraða. Arðsemi af rekstri sparissjóðanna sagði hann hins vegar nálægt núllinu. „Brýnt er að brjóta upp þetta kerfi og færa í átt til nútímalegri rekstrar ef takast á að auka skilvirkni þýska bankakerfisins.“ Málið er stórt í Þýskalandi þar sem sparissjóðirnir þar eru með um 50 prósentu markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði, meðan



GUÐJÓN RÚNARSSON, MANFRED WEBER OG HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON Guðjón er framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Manfred Weber er framkvæmdastjóri þýsku bankasamtakanna og Hreiðar Már er forstjóri KB banka.

Deutsche Bank, stærstur „stóru bankanna“ er til dæmis bara með sjö prósentu hlutdeild.

Þá fjallaði Manfred um aðkomu þýska ríkisins að fjármálamarkaðnum, þar sem opinberir bandar hefðu staðið langtum framar einkabönkum í aðgengi að ódýrri fjármögnun. Þetta endaði með málsókn þýsku bankasamtakanna á hendur ríkinu árið 1992 til að fá afnumda ríkisábyrgð á opinbera banka og unnu málið nokkrum

árum síðar. „Í kjölfar úrskurðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um afnám ríkisstyrkja voru þeir síðan trappadír niður og eru ekki lengur til staðar. Annað vandamál er hins vegar að lánshæfismatsfyrirtækin líta svo á að opinberir bandar séu í raun varðir af ríkinu. Þess vegna fá þeir hærri lánshæfismatseinkun en rekstur og efnahagur gefur tilefni til. Þetta skapar skerta samkeppnisstöðu,“ sagði Weber.

Manfred Weber lýsti sérstakri aðdán sinni á því hverju íslensk fjármálafyrirtæki hefðu afrekað á undanföllum árum. Hann sagði fyrir séð að fjármálafyrirtæki heimsins færu í auknum mæli að horfa til Þýskalands, enda eftir stórum markaði að slægjast, ef rekstrarforsendur færu að breytast til batnaðar. Hann sagði að til dæmis væri áætlað að selja Berlinerbank og Berlin Savings Bank árið 2007 en undirbúningur þess hæfist þegar á þessu ári.

Í fyrirspurnatíma eftir erindi sitt fjallaði Weber um mikilvægi starfsemi samtaka atvinnugreina, þar á meðal fjármálageirans, fyrir heilbrigða framþróun síns markaðar í hverju landi. Hann sagði að í slíkum samtökum færu fram fagleg vinnubrögð varðandi þá umgjörð sem atvinnugreinum væri sett með lögum og regluverki. Weber ræddi einnig um mikilvægi þess að bandar færu að horfa í meira mæli á öryggisþáttinn, það er að segja á varnir gegn fjármáglæpum, svikamyllum og peningaþvætti hverskonar. Hann sagði öra tölvuþróun fjölga verulega möguleikum glæpamanna, enda væri nú hægt að safna í PC tölvu á tveimur stundum talnarunum sem hefði tekið stórtölvur í bandarískum háskólum marga daga að gera fyrir örfáum árum. „Bankar þurfa áfram að vera ávallt skrefi á undan glæpamönnum hvað þessi mál varðar.“

Þá barst talið einnig að vinnumarkaði og hvernig hann væri stundum ósveigjanlegur. Weber sagðist telja að lausnin væri fólgin í að svæðisbundin stéttarfélag gerðu í vaxandi mæli samninga við einstök fyrirtæki um frávík frá opinberum samningum. Þannig mætti auka sveigjanleika tengdan mannaáðningum og starfslokum gegn því að laun yrðu hækkuð og trúnaður haldinn um samningana og þeir yrðu hvergi gerðir opinberir, ekki einu sinni fyrir skattayfirvöldum.

Og Vodafone kynnrir

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Vodafone World

Vodafone World er einfaldari og skýrari verðskrá í útlöndum fyrir GSM áskrifendur í krafti öflugssamstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Vodafone World gildir fyrir GSM notendur erlendis.

- » Öllum heiminum er skipt upp í 5 verðsvæði.
- » Skýr yfirsýn yfir verð í útlanda-símtölum og einfaldur verðsamanburður.
- » Vodafone fyrirtækin eru alltaf hagstæðari.
- » Enginn kostnaður felst í skráningu í Vodafone World.
- » Veldu Vodafone í 36 löndum.
- » Skráðu fyrirtækið þitt í síma 599 9500 eða á www.ovodafone.is

Vodafone World eru hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífnið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjapjónusta Og Vodafone**, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

Íslandsbanki kaupir SAP viðskiptahugbúnað

Íslandsbanki hefur nýverið gengið frá samningi við AppliCon ehf. um kaup á SAP viðskiptahugbúnaði. Bankinn hefur þegar tekið í notkun SAP mannauðslausnir og er um þessar mundir að innleiða SAP samstæðuuppbyggjör. Samstarf við SAP og AppliCon er liður í framtíðaruppbyggingu upplýsingakerfa Íslandsbanka með það að markmiði að ná sem bestum árangri og öryggi í rekstri bankans.

Í fréttatilkyngingu frá AppliCon er haft eftir Gísla Heimissyni, framkvæmdastjóra upplýsingatækni hjá Íslandsbanka, að bankinn leggi nú sem fyrr ríka áherslu á arðsemi upplýsingatækni og að skipan þeirra mála sé sem best fallin til þess að bankinn nái markmiðum sínum, ekki síst nú á

tímum mikils vaxtar og útrásar.

AppliCon hefur undanfarin ár lagt ríka áherslu á að hanna upplýsingatæknilausnir fyrir banka og fjármálastofnanir og markvisst byggt upp þekkingu og sambönd á því sviði. Ingimar G. Bjarnason, hópstjóri bankalausna AppliCon, segir að fyrirtækið hafi á að skipa breiðum hópi ráðgjafa með reynslu af alþjóðlegum verkefnum. „Þá höfum við einnig skapað okkur þau tengsl sem nauðsynleg eru til að þjónusta viðskiptavini okkar sem allra best. AppliCon er því að ávinna sér stöðu á markaðinum sem traust ráðgjafarfyrirtæki í bankalausnum og samningurinn við Íslandsbanka er enn frekari staðfesting á því starfi sem við höfum unnið.“



ÍSLANDSBANKI HEFUR GERT SAMNING VIÐ APPLICON EHF. Samstarf Íslandsbanka við SAP og AppliCon er liður í framtíðaruppbyggingu upplýsingakerfa Íslandsbanka.

FÓLK Á FERLI

NÝLEGA BÆTTUST þrír lögmennt við eigendahóp LOGOS lögmannsþjónustu.



BJARNFRÆÐUR ÓLAFSSON hdl. Bjarnfræður er cand. jur frá Háskóla Íslands 1993 og héraðsdómslögmaður frá 1996. Hann stundaði framhaldsnám við University of Miami, School of Law í Coral Gables í Flórída. Hann lauk meistaranámi í samanburðarlögfræði 1997 og lagði stund á alþjóðlega viðskiptafræði í Nova Southeastern University 1997-1998. Bjarnfræður starfaði hjá Taxis lögmonnum frá 1999 þar til hann gekk til liðs við Logos. Áður starfaði hann hjá Lögum ehf. og ríkiskattstjóra þar sem hann var deildarstjóri 1993-1996. Bjarnfræður hefur skrifað ýmsar greinar og ritgerðir um innlenda og erlenda viðskiptalögfræði og er aðalhöfundur Handbókar ríkiskattstjóra um virðisaukaskatt (1998). Hjá Logos mun Bjarnfræður veita nýju skattasviði forstöðu og starfa við skattarétt, félagarétt, samruna og yfirtökur.



HJÖRÐÍS HALLDÓRSDÓTTIR hdl. Hjördís er cand. Jur. frá Háskóla Íslands 1998 og héraðsdómslögmaður 1999 og stundaði framhaldsnám við Háskólann í Stokkhólmi. Hún lauk meistaranámi í lögum og upplýsingatækni 2003. Hjördís vann hjá landbúnaðarráðuneytinu 1998-1999, hjá A&P Lögmonnum 1999 og hjá LOGOS lögmannsþjónustu frá árinu 2000. Hún hefur verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2001. Hjördís starfar við upplýsingatæknirétt, höfundarétt, kauparétt, útboð og opinber innkaup.



GUÐMUNDUR J. ODDSSON hdl. Guðmundur er cand. jur. frá Háskóla Íslands 1999 og stundaði lagánám við Háskólann í Osló 1999. Hann varð héraðsdómslögmaður 2000 og löggiltur verðbréfamiðlari 2001. Guðmundur starfaði hjá A&P Lögmonnum 1999, hjá LOGOS lögmannsþjónustu 2000-2003 og Actavis Group hf. 2004-2005. Hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2001 og við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2004. Guðmundur veitir skrifstofu LOGOS lögmannsþjónustu í London forstöðu og starfar við samruna og yfirtökur, fjármagnanir, félagarétt, verðbréfa- og kauphallarétt og samningarétt.



STARFSMENNT PRENTMETS Hæstánægðir með nýju vélina.

Eignast fullkomna stafræna prentvél

Prentmet ehf. hefur fest kaup á HP Indigo 5000 stafrænni prentvél sem var tekin í notkun í síðustu viku. Í tilkyngingu frá Prentmeti segir að vélin sé sú fullkomnasta sinnar tegundar

hér á landi og með tilkomu hennar verði hægt að sameina hraða, helsta kost stafrænnar prentunar, gæði og hágæða prentun á mjög skömmum tíma.

Vélin notar svokallaða HP ElectroInk tækni, sem gerir útkomuna sambærilega hágæða-prentun. Þegar pappírinn kemur úr vélinni, hvort sem prentað er öðru megin eða beggja vegna, er hann tilbúinn til áframhaldandi vinnslu sem gerir hraðann mun meiri. Vélin getur prentað 5 liti, 4 liti og 1 aukalit, og er hægt að uppfæra hana í 7 liti seinna meir. Að auki getur fimmti liturinn verið transparent sem er sambærilegt við spottlakk í offset-prentun. Stærsta arkarformat er 32 x 47,5 cm og prentflötur 30,8 x 45 cm. Hægt er að prenta á 65 til 350 g pappír og einnig á plast, fóliur og fleira.

Vélin er góð viðbót við þær vélar sem fyrir eru í stafrænni prentun hjá Prentmeti. Það eru t.d. Xeikon DCP/50D rúlluvélin, sem prentar á 50 cm breiðar rúllur beggja vegna í einu, og Docutech 6135, sem er sv/hv vél sem prentar 135 blöð á mín. með möguleikum á heftingu, límingu á kjöl, broti og skurði.



Söluvagnar á göngum Kringlunnar

Kringlan leigir söluvagna í eina til fjórar vikur í senn!

Upplýsingar um verð og leyfilegar vörutegundir veitir þjónustustjóri Kringlunnar í síma 568 9200 eða á netfanginu soluvagnar@kringlan.is.





Engar afsakanir prentaðu í lit



bizhub c250
Konica Minolta hefur sameinað prentun í svart-hvítu og lit í fullkominni ljósritunarvél sem er sérhönnuð fyrir skrifstofuna. Prentaðu litskrúðug skjöl á einfaldari og ódýrari hátt.

Skýrari skilaboð með lit:

- GULT:** Öryggi, birta og hreinleiki.
- RAUTT:** Áriðandi, ákefð og tilfinningahiti.
- GRÆNT:** Umhverfi, heilsa og jákvæðni.
- BLÁTT:** Samtleikur, virðing og áhrif.

Konica Minolta - Leiðandi í lit.



UMFANG-TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is

Klár í snjóinn! MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar:

SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bísalan Ös - Akureyri Sími 462 1430



Opið virka daga 10-18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is



▶ FLÖT SJÓNVÖRP

**FRÁBÆRT ÚRVAL!
ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR!**

15 TIL 50 TOMMMU

PHILIPS UNITED *DIBOSS* Dantax GRUNDIG JVC



THOMSON 42PB120S5

42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu, 1000 cd/m² birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam Stereo hljóðkerfi, textavarp með 2100 síða minni, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 169.990

FULLT VERÐ kr. 199.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Pristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnavetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgefjinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héradsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vopnafirði. KF Héradsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

Krónubrúfin eru komin til að vera

Er hægt að spá nákvæmlega fyrir um hagsveifluna út frá stóriðjuáætlunum?

Nei, það er ekki hægt. Efnahagssumsvif ganga ætíð í sveiflum hjá iðnvæddum ríkjum og eru taldir spanna 4 til 5 ár. Til að mynda er líklegt að íslenskt efnahagslífi fari í niðursveiflu árið 2007 til 2008 eftir 3 til 4 ára uppsveiflu. Þó geta ýmsir hlutir, s.s. breytingar á fiskafla á fyrri tíð og stóriðjufrankvæmdir á vorri tíð haft mikil áhrif á taktinn. Miklar fjárfestingar geta vegið á móti niðursveiflu með því að auka innlenda eftirspurn líkt og gerðist þegar álverin voru byggð í Straumsvík og á Grundartanga, en einnig ýkt uppsveiflu líkt og hefur verið að gerast nú. En vegna þess hve slíkar framkvæmdir liggja fyrir með miklum fyrirvara geta þær einnig haft mikil áhrif á væntingamyndun og efnahagsframvindu. Það var einmitt það sem gerðist á árunum 2003 til 2004 eftir að ákvörðun lá fyrir um núverandi framkvæmdahrinu.

Hvaða áhrif hefur það ef verðbólga kemst ekki að markmiði Seðlabankans um 2,5 prósentu verðbólgu fyrir en 2012?

Það er mjög óheppilegt þar sem trúverðuleiki markmiðs sem aldrei næst hlýtur að vera dreginn í efa. Seðlabankinn hefur fengið mjög erfitt verkefni til úrlausnar sem er að halda verðlagi stöðugu á tímum mikilla framkvæmda, hækkandi eignaverðs, lægri vaxta á erlendum fjármagnsmarkaði, lækkan skatta og kerfisbreytinga í íslensku atvinnulífi.

Er hægt að grípa til aðgerða annarra en að blása af stóriðju til að draga úr áhrifum gengisins á útflutningsstarfsemi?

Það dugur einna best að draga úr opinberum framkvæmdum á byggingartíma stóriðjunnar. Hér mætti nefna lagningu Sundabrautar, hátæknisjúkrahús og fleira. Það sem upp á vantar verður Seðlabankinn að vinna með vaxtaáhdaldi.

Hvað þarf orkusala til stóriðju að skila miklum arði til að í henni felist „þjóðhagslegur ábati“?

Þjóðhagslegur ábati felst í aukinni framleiðni framleiðsluþátta. Stóriðja og orkuframleiðsla henni til handa skapar slíkan ábata ef þeir framleiðslu-

þættir sem hún nýtir skila meiri framleiðni en í annarri notkun. Á sínum tíma var gífurlega mikilvægt að fá fyrstu stóriðjufyrirtækin hingað og nýta stærðarhagkvæmni í vatns- og gufuafli, fyrir stóriðju. Hins vegar er raforka sá framleiðsluþáttur sem stóriðjan nýtir í langmestum mæli og því hlýtur arður af þeirri sölu að vegna þingst hvað þjóðhagslegan ábata varðar. Sá ábati skapast ef títtnefnd orkusala skilar hagnaði þegar leiðrétt hefur verið fyrir öllum hagfræðilegum kostnaði, gjaldi fyrir ríkisábyrgð, fórnarkostnaði vegna landsspjalla og svo framvegis. Sá vandi er þó til staðar að orkuframleiðsla er ein

síðasta atvinnugreinin hérlandis sem er enn á forræði opinberra aðila. Sú hættu er því fyrir hendi að fleygur geti orðið til á milli bókhaldslegs kostnaðar og hagfræðilegs kostnaðar þegar opinberir aðilar standa í virkjunarframkvæmdum, til dæmis ætti það að heyra sögunni til að virkjað sé með ríkisábyrgð.

Er hægt að gefa sér að þegar stóriðjufrankvæmdum lýkur verði um leið að baki erlend verðbréfaútgáfa í krónum?

Mjög líklega er erlend verðbréfaútgáfa í krónum komin til þess að vera svo lengi sem landsmenn viðhalda sjálfstæðum gjaldmiðli og hafa jákvæðan vaxtamun við útlönd. Og er það vel. Aðkoma útlendinga dýpkar fjármagnsmarkaðinn og lækkar vaxtastig hérlandis þegar til lengri tíma er litið. Ákafinn í þessari útgáfu ræðst annars vegar af þeim vaxtamun sem er viðhaldið og hins vegar gengisvæntingum í framtíðinni. Eins og staðan er nú er vaxtamunur mikill til að stemma við mikilli framleiðsluspennu innanlands og áætlanir um þrjár nýjar stóriðjufrankvæmdir hafa kastað þeim væntingum á loft að gengi krónunnar verði mjög hátt í kringum 2010. Það hefur síðan orðið til þess að hleypa nýju lífi í útgáfuna þar sem hinir erlendu útgefendur hafa lengt í útgáfum sínum og miða lengur fram í tímann.

Hávaxtaumhverfi og verðbólga fram á næsta áratug

Fyrirætlanir um stóriðju gætu raskað verðbólgu markmiðum Seðlabankans. Væntingar um framkvæmdir ýta undir styrka stöðu krónunnar. Niðursveifla gæti orðið við allt aðrar aðstæður en áður hafa þekkst.

Fyrirséð er að álframleiðsla hér nálægt því þrefaldist til ársins 2008, að árleg framleiðsla aukist um 490.000 tonn, verði 760 þúsund tonn á ári. Gangi svo eftir áætlanir um frekari stóriðju árin þar á eftir er svo ráðgert að auka árlega framleiðslu um 770.000 tonn til viðbótar. Við þetta færi álframleiðsla hér á landi úr því að vera 1,2 prósent af heimsframleiðslu, í að vera 3 til 4 prósent árið 2008 og svo í 6 til 7 prósent af heimsframleiðslu árið 2014.

MARKMIÐ SEM EKKI NÁST

Framleiðsluaukning þessi og fylgjandi virkjanafrankvæmdir hafa áhrif á hagkerfið allt, en um þau áhrif, bæði núverandi og fyrirsjáanleg er fjallað í sérefni greiningardeildar KB banka sem út kom fyrir skömmu. Framkvæmdunum fylgir áframhaldandi þensla, hátt gengi krónunnar og fyrirséð er að hægi á mögulegum vaxtalækkunum Seðlabankans um leið. Þá segir greiningardeildin fyrirséð að áætlanir Seðlabankans um að verðbólga hér komist að 2,5 prósentu markinu eftir 2008 raskist. „Ef af þessum þremur framkvæmdum verður er erfitt að sjá fyrir hvenær verðbólgu markmiðinu verði náð. Það gæti jafnvel tafast fram yfir árið 2012, nema vextir verði verulega hærri en nú er. Framkvæmdirnar munu því án efa fela í sér hærri vexti og hærri nafngengi en ella allt frá þeim tíma sem ákvarðanir liggja fyrir – jafnvel á þessu ári,“ segir greiningardeildin. Ástæðan fyrir þessu er sögð vera tvíþætt. Annars vegar muni vaxtalækkunir Seðlabankans verða hægari og grynari, en það haldi uppi vaxtamun við útlönd og styrkara gengi. „Í öðru lagi munu væntingar um nýjar framkvæmdir hvetja áfram stöðutöku með íslensku krónunni til þess að nýta vaxtamuninn, svo sem með útgáfu lengri krónubrúfa. Þetta gæti falið í sér að næsta niðursveifla muni eiga sér stað við mun hærri gengi krónunnar og hærri vexti en áður hefur þekkst og að hávaxtaumhverfi verði til staðar hérlandis fram á næsta áratug.“

Mat greiningardeildarinnar er að allir þrjár stóriðjukostirnir sem nú eru til skoðunar fram til ársins 2014, stækkun Straumsvíkur á næsta ári, nýtt álver á Norðurlandi og annað í Helgúvík, séu framkvæmanlegir, en tímamörkin verði hins vegar aðeins seinni en fyrstu áætlanir hafi gert ráð fyrir. Hér er gert ráð fyrir því að hafist verði handa við byggingu álvers á Norðurlandi árið 2009 og í Helgúvík árið eftir.

Framkvæmdirnar þrjár eru sagðar auka framleiðslugetu í álvinnslu um 770.000 tonn með rúmlega 400 milljarða króna kostnaði eða 40 prósentum af núverandi landsframleiðslu. „Þetta er því um 50 prósentum víðameiri framkvæmd í áltonnum en núverandi stóriðjufrankvæmdir sem lýkur 2007 og auka framleiðslugetuna um 490.000 tonn,“ segir bankinn, en bætir við að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé þó líklega aðeins minni vegna þess að minni fjárfestingu þurfi fyrir jarðvarmavirkjanir en vatnsaflsvirkjanir.

Árleg framleiðsla álveranna tveggja sem hér starfa nú nemur um 270.000 tonnum, 178.000 tonn í Straumsvík og 90.000 tonn á Grundartanga. Álver á Reyðarfirði, með 320.000 tonna framleiðslugetu og stækkun um 170.000 tonn á Grundartanga eru svo á bak við aukna framleiðslugetu fram til ársins 2008. „Ísland mun þá verða meðal helstu álframleiðslu-

MÖGULEGAR FRANKVÆMDIR 2007 TIL 2014

Framleiðsluaukning fyrirhugaðra framkvæmda eftir næsta ár nemur 770.000 tonnum, þannig að heildarframleiðsla á ári færi í 1.500 tonn.

Ár	Álver	Framleiðslugeta
2007-2010	Stækkun Alcan í Straumsvík	280.000 tonn
2009-2012	Álver Alcoa á Norðurlandi	250.000 tonn
2010-2013	Álver Century í Helgúvík	250.000 tonn



Í ÁLVERINU Á GRUNDARTANGA Árleg framleiðsla nemur nú um 90.000 tonnum á Grundartanga, en þar er fyrirhuguð stækkun um 170.000 tonn. Sú aukning, ásamt þeirri framleiðsluviðbót sem verður með álveri Reyðarfáls, verður til þess að auka árlega framleiðslu hér úr um 270.000 tonnum í 760.000 tonn. MARKAÐURINN/JÓN SIGURÐUR

ríkja í heiminum með 3 til 4 prósent af heimsframleiðslu.“

STÓRIÐJA Á PENSLUTÍMUM

Greiningardeild KB banka segir að miðað við íslensku hagsveifluna sé líklegt að fyrsti hluti framkvæmdanna, stækkun Alcans í Straumsvík, valdi ekki miklum ruðningsáhrifum. Áhrif framkvæmda á Norðurlandi og í Helgúvík, ásamt lokaáfangastækkun Alcans, muni hins vegar koma fram á árunum 2009 til 2011, en þá sé fjárfesting í geiranum áætluð um 80 til 100 milljarðar á ári. „Á þessum tíma þegar aðalþungi álframkvæmdanna kemur fram er líklegt að efnahagslífið verði aftur komið í uppsveiflu. Sú hættu er því fyrir hendi að aftur skapist samskonar ástand og verið hefur á síðustu tveimur árum og stóriðjufrankvæmdirnar komi fram á þenslutímum og við þeim verði að bregðast með vaxtahækkunum.“

Bankinn segir að líta megi á erlenda verðbréfaútgáfu í krónum, að minnsta kosti að hluta til, sem afleiðingu af mjög hraðri uppbyggingu stóriðju hér, enda sé ástæða útgáfunnar mikill vaxtamunur við útlönd. „Vextir eru

aftur háir vegna vaxtahækkanna Seðlabankans sem ætlað er að halda innlendri eftirspurn í skefjum,“ segir greiningardeildin og bendir á að stór hluti af aukningu eftirspurnar stafi einmitt af stóriðjufrankvæmdunum. „Svo stórar fjárfestingar hafa einnig alla burði til þess að leiða hagsveifluna í svo litlu hagkerfi sem hinu íslenska. Þetta gerist ekki aðeins vegna þess hve fjárfestingarnar eru stórar heldur er framkvæmdaferillinn einnig langur og vel tímasettur. Það felur í sér að væntingar fólks verða að ýmsu leyti samstilltar þegar svo góðar opinberar upplýsingar liggja fyrir um heildareftirspurn svo langt fram í tímann.“ Greiningardeildin bendir á að þetta hafi enda verið tilfellið 2002 til 2003 þegar framkvæmdaferillinn var kynntur fyrir byggingu Fjarðarfáls og stækkun Norðurláls fjögur ár fram í tímann. „Með þessum hætti hafa stóriðjufrankvæmdir af þessari stærðargráðu mun meiri áhrif á efnahagslífið en beint umfang fjárfestingarinnar sjálfrar segir til um.“

TÖLVUPÓSTURINN

Til Ásgeirs Jónssonar

lektors við vískafræðis- og hagfræðideild Háskólans og hagfræðings hjá greiningardeild KB banka



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?



ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

• Perry Ellis • Max Mara • 7th Street • Elisabeth Arden • Kliik • Casual



opnunartilboð í augastað!

Margskipt gleraugu
með glampavörn frá kr.

20.900

frá 22.900 kr. með glampa-
vörn og gleri sem
dökkar í sól

Þú færð
mælingu hjá
sjónfræðingi
á staðnum

Gleraugu fyrir
fjarsýna og nærsýna
(einn styrkleiki) frá kr.

11.900

Barnagleraugu
frá aðeins kr.

7.900



augastaður

færir þér nýja sýn!



Lyf & heilsa

Hamraborg og JL-húsinu

BANKAHÓLFID



Maður fólksins

Mikil eftirvænting ríkir í íslenskum fjármálastofnunum enda stórleikur í kvöld: Ensku meistararnir í Chelsea gegn katalónsku stórstjórnunum í Barcelona. Inni á vellinum verður einn íslenskur auðkýfingur, Eiður Smári Guðjohnsen, og jafnvel fleiri utan hans. Marga dygga Chelsea-aðdáendur er að finna í KB banka. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, er tíður gestur á vellinum, Ármann Þorvaldsson, forstjóri Singer og Friedlander, missir helst ekki úr leik og þá lætur Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri sig sjaldan vanta. Athygli vekur að á meðan íslenskuútrásarjöfrarnir svolgra á kampavíni í fyrimennastúku situr Roman Abramovich, eigandi Chelsea, með sótsvörtum almúganum í stúkunni.

Eilífðarvél KB banka

Framreikningar eru góð skemmtun, en leiða menn stundum í stjarnfræðilegar stærðir. Þannig hafa nokkrir sérfræðingar á markaði skemmt sér við að framreikna forsendur í verðmáti Íslandsbanka á KB banka. Verðmætið gerir ráð fyrir 26 prósentu arðsemi eigin fjár sem er talsvert umfram markmið bankans sem eru fimmtán prósent. Rætist spá Íslandsbanka um ókomin ár, þýðir það að eigið fé bankans mun þúsundfaldast á innan við þrjátíu árum. Bankinn yrðir þá líklega stærsti banki í heimi eða um það bil. Lífeyrissjóðirnir eiga mikið í bankanum og ef vöxturinn verður með þessum bjartsýna hætti, þá má reikna með að þjóðin eins og hún leggur sig geti farið á eftirlaun árið 2035.

Önnur eilífðarvél

Leit mannsins að eilífðarvél hefur lengi verið fjarlægur draumur. Ein tilraun til slíks ku hafa skotið upp kollinum í söluferli fyrirtækja. Það er að afskriftir eigna geta á tímabili verið meiri en þörfin fyrir fjárfestingar. Mismunurinn myndar svo hagnað. Í nokkrum tilvikum, meðal annars í söluferli Essó, hafa menn dregið bendilinn full langt og gert ráð fyrir slíkum mismuni um ókomin ár. Gott ef satt væri, því þar með væri orðin til fjárhagsleg eilífðarvél sem myndi tryggja hagnað af því einu að maður afskrifaði eignir umfram fjárfestingar til eilífðarnóns.

10,7%

hlutur FL Group í danska drykkjarframleiðandanum Royal Unibrew.

570

milljóna króna sölumet hjá Flögu Group á fjórða ársfjórðungi.

80%

hlutur SPH í Hring sem á allt hlutfé í Allianz Ísland ehf.

Voltaren Emulgel
Díklófenak tvíetylamín 11,6 mg/g

Við vöðva- og liðverkjum

Voltaren Emulgel®
Díklófenak tvíetylamín 11,6 mg/g

Fæst án lyfseðils

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

ARMARSON.TK - EMU-002-230305

Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hættu er á ofskömmtum vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is